



Lögrelþjónn bjargar barni af götum Hong Kong áður en hitabeltisstormurinn Mangkhut skall á borginni. Tugir týndu lífi þegar fellibylurinn fór yfir Filippseyjar. Sjá síðu 6. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Krefjast endurskoðunar á skerðingum

Lögmaður Öryrkjabandalagsins segir að Tryggingastofnun eigi að hafa frumkvæði að því að endurskoða lífeyrisgreiðslur allra þeirra sem hlotið hafa skerðingu vegna fyrri búsetu erlendis í samræmi við nýlegt álit umboðsmanns.

ALMANNATRYGGINGAR Öryrkjabandalag Íslands (ÖBÍ) krefst þess að Tryggingastofnun (TR) endurskoði mál allra þeirra sem fá eða hafa fengið skertar bætur vegna fyrri búsetu erlendis í samræmi við nýlegt álit Umboðsmanns Alþingis. Í umræddu áliti kemst umboðsmaður að þeirri niðurstöðu að verklag Tryggingastofnunar vegna útreiknings á bótarétti sé ekki í samræmi við lög og reglur.

Jóhanna Þorsteinsdóttir sem kvartaði til umboðsmanns flutti til Danmerkur í kjölfar þess að hún

fékk miklar skerðingar á lífeyrisgreiðslum sínum.

Á síðasta ári fengu um þrjú þúsund manns skertar örorku- eða elli-lífeyrisgreiðslur á síðasta ári vegna fyrri búsetu erlendis.

Daniel Isebarn Ágústsson, lögmaður ÖBÍ, segir að TR eigi að hafa frumkvæði að því að umrædd mál verði tekin til endurskoðunar. Hann segir griðarlega vinnu liggja að baki málinu hjá ÖBÍ. „Þetta mál var rekið af miklum krafti fyrir umboðsmanni. Álitid er áfellisdomur yfir lagatúlkun og framkvæmd Tryg-

Þetta mál var rekið af miklum krafti fyrir umboðsmanni.

Daniel Isebarn Ágústsson, lögmaður

ingastofnunar á þessum málum.“

Sigríður Lilly Baldursdóttir, forstjóri TR, segir að umrætt mál sé meðal forgangsmála stofnunarinnar. „Þetta er ábending sem við tökum alvarlega og við erum að skoða þessar athugasemdir. Það er ekki komin nein niðurstaða þannig að við getum ekki breytt fram-

kvæmdinni ennþá.“ Hún segir stofnunina vinna að þessu með velferðarráðuneytinu og úrskurðarnefnd velferðarmála. „Þetta er ekki einfalt mál. Það er misjafnt milli landa hvernig réttindin eru. Þessi kerfi eru líka alltaf að breytast og um leið réttindin milli landa.“

Þá segist hún geta tekið undir með umboðsmanni að lögin séu ekki nógu skýr. „Við þurfum að eiga samtal við umboðsmann um þetta mál. Ég bendi samt á að úrskurðarnefndin hefur aldrei gert athugasemdir við framkvæmdina.“ – sar / sjá síðu 4

Tekur tíma að byggja sigurvefð

FÓTBOLTI Stjarnan vann bikarmeistararitilinn í karlaflokki í fyrsta sinn í sögu félagsins um helgina eftir sigur á Breiðabliki í vitaspyrnukeppni. Var þetta í þriðja skiptið sem Stjarnan leikur til úrslita og í annað sinn sem gripa þurfti til vitaspyrnukeppni en nú höfðu Garðabæingar betur. Jóhann Laxdal, bakvörður Stjörnunnar, sagði að fagnadarlætin hefðu ekki staðið lengi enda liðið í harðri baráttu um Íslandsmeistararitilinn á sama tíma. Hann segir titilinn vera afrakstur margra ára vinnu.



– kpt / sjá síðu 12

Jóhann Laxdal.

Fréttablaðið í dag

Halldór



SKOÐUN Guðmundur Steingrímsson skrifar um viðskiptamenn ársins. **9**

SPORT Eden Hazard fór á kostum með Chelsea í 4-1 sigri á Cardiff. **14**

TÍMAMÓT Samtök um billausan lífstill fagna tíu ára afmæli. **16**

LÍFIÐ Ísey Heiðarsdóttir þykir sína snilldartahta í Viti í Vestmannaeyjum. **22**

PLÚS 2 SÉRBLÓÐ
● FÓLK ● FASTEIGNABLAÐIÐ

*Samkvæmt prentmiðlökönun Gallup apríl-júní 2015

NUTRILENK

öflugur liðstyrkur



Betolvex B-12



Fæst án lyfseðils

Actavis

NÝTT!
- 11 KR.
- 09 KR.
- 07 KR.

Nú eru allar 55 stöðvar Orkunnar þínar stöðvar.



Veður



Fremur hæg austlæg átt í dag, skjáð með köflum og líkur á skúrum. Norðaustanátt og rigning á Vestfjörðum og nyrst á landinu. Hiti 6 til 12 stig. **SJA SÍÐU 18**

Hvassviðri og úrkoma

VEÐUR Snjókoma, slydda, hvassviðri og almennt leiðindaveður eru í kortunum fyrir vikuna. Á miðvikudag gengur veðrið í norðan 15 til 23 metra á sekúndu, hvassast austast. Gera má ráð fyrir að úrkoman sem fylgir veðrinu falli í formi slydda eða snjókomu til fjalla. Seinnipart miðvikudagsins kólnar og það getur snjóað neðar.

Gul stormviðvörðun er í gildi fyrir allt landið á miðvikudag og fimmtudag. Vetraraðstæður geta skapast á vegum með tilheyrandi samgöngutruflunum. Veðurstofa hvetur bændur til að huga að skjóli fyrir búfenað.

Á sunnanverðu landinu verða ekki sömu lætin, þar sem engri úrkomu er spáð. „En þar geta snarp-ir vindstrengir verið varasamir fyrir ókutæki sem eru viðkvæm fyrir vindi og lausamunir geta fokið.“ – bg

Vættir komu saman í Miðgarði



Ófreskur, illmenni, heitur og vættir af öllum toga komu saman á ráðstefnunni Miðgarður 2018 í Laugardalshöll um helgina. Á ráðstefnunni er ýmsum straumum og stefnum í norðamenningu stefnt saman, allt frá hlutverkaspilum til vísindaskáldskapar. Þrátt fyrir að sumir hafi verið heldur ófrýnilegir að sjá, eins og þessi orkur á myndinni, þá réð kærleikurinn ríkjum. Orkurinn ber barmmerki sem á stendur: „Ókeypis faðmög“. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



Góður gangur á Hlöllu. Besta afkoma um árabíl í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Fimmtíu milljóna hagnaður hjá Hlöllu

VIÐSKIPTI Hagnaður Hlöllabáta ehf., sem rekur skyndebitastöðina Hlöllu á Höfðanum, jókst um ríflega 45 prósent milli ára og nam 51,5 milljónum króna á síðasta ári. Hlöllu seldi sína landsfrægu samlökubáta og veitingar fyrir ríflega 213,7 milljónir í fyrra. Síðasta ár var það besta um árabíl hjá félaginu hvað afkomu varðar. Í skýrslu stjórnar er lagt til

að greiddur verði út arður á árinu 2018 allt að þeirri upphæð sem lög leyfa. Í fyrra greiddi stjórnin út 30 milljónir króna í arð til eigenda sem er félagið Ergosspa ehf. sem aftur er í eigu systkinanna Róberts Árna og Málfríðar Evu Jørgensen. Eignir félagsins námu í árslok 2017 111 milljónum króna og eigið fé var 57,5 milljónir. – smj

Þingmenn fræðast um notagildi núvitundar

Formaður velferðarnefndar Alþingis segir að Bretar hafi notað núvitund með góðum árangri á mörgum sviðum samfélagsins. Nefndin fær í dag kynningu frá breskum þingmanni sem er annar formanna sérstakrar þverpólíttískrar nefndar.

ALÞINGI „Ég fékk kynningu á þessu verkefni í London á síðasta ári. Það var magnað að heyra hvernig Bretar eru að innleiða núvitund í heilbrigðiskerfið, menntakerfið og réttarvörslukerfið,“ segir Halldóra Mogensen, formaður velferðarnefndar Alþingis. Nefndin fær í dag kynningu á þverpólíttískri nefnd breska þingsins um núvitund.

Það er Chris Ruane, þingmaður Verkamannaflokksins og annar af formönnum bresku nefndarinnar, sem mun hitta velferðarnefnd, „Það verður líka opinn fundur fyrir alla þingmenn á morgun og Chris mun líka hitta borgarfulltrúa. Hann ætlar að kynna fyrir okkur hvernig Bretar hafa verið að gera þetta.“ segir Halldóra.

Hún bendir líka á að Chris hafi verið að kenna breskum þingmönnum um núvitund. „Ég held að við hér á Alþingi hefðum líka gott af því.“

Halldóra segir að fyrir velferðarnefnd sé sérstaklega áhugavert að heyra hvernig núvitund sé notuð í heilbrigðiskerfinu. „Þetta er aðallega notað sem meðferðarúrræði en einnig fyrir starfsmenn heilbrigðiskerfisins.“

Fundinn í London á síðasta ári sátu líka fulltrúar fræðasamfélagsins. Þá var Jon Kabat-Zinn einnig á staðnum en hann er talinn frumkvöðull núvitundar á Vesturlöndum.

„Við fengum að heyra margar áhugaverðar sögur. Meðal annars hvernig þessi úrræði hafa verið að hjálpa fögum. Þeir fara í meðferð í fangelsinu sem hjálpar þeim þegar þeir losna. Þarna var maður sem



Halldóra Mogensen, formaður velferðarnefndar Alþingis. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

sagði frá sinni reynslu og hvernig þetta hjálpaði honum að komast út í lífið eftir fangavist. Þetta brytur upp eitthvert mynstur og fólk nær snertingu við sig sjálf.“

Þá segir Halldóra að hægt sé að nota núvitund í menntakerfinu með því að ná til barna. „Það er mein í okkar samfélagi hvað neysluhyggjan og hraðinn er mikill. Svo hafa samfélagsmiðlarnir mikil áhrif. Fólk gefur sér aldrei tíma til að stoppa og fara í innri ihugun, skoða hvernig við tengjumst hvert öðru og náttúrunni.“ sghvatur@frettabladid.is

Það var magnað að heyra hvernig Bretar eru að innleiða núvitund í heilbrigðiskerfið, menntakerfið og réttarvörslukerfið.

Halldóra Mogensen, formaður velferðarnefndar Alþingis

BRIDS SKÓLINN



BYRJENDUR (stig 1) **1. OKT** 8 mánudagar frá 20-23

KERFIÐ (stig 2) **3. OKT** 8 miðvikudagar frá 20-23

STIG 1 Byrjað er alveg frá grunni og farið vel yfir undirstöður hins vinsæla Standard-sagnkerfisins. Það er fólk á öllum aldri sem sækir skólann og ekkert mál að mæta stakur/stök.

STIG 2 Hvað meinar makker? Góð spurning. Farið er vel yfir framhald sagna í Standard og ýmsar stöður í sagnbaráttu. Mikíð spilað og hægt að koma stakur/stök.

Upplýsingar og innritun:

í síma **898-5427** á netinu **bridge.is**

STAÐUR: Síðumúli 37, Reykjavík (Bridgesamband Íslands)

NYTT!

- 1 1 K R .

- 0 9 K R .

- 0 7 K R .

Nú eru allar 55 stöðvar Orkunnar þínar stöðvar.

Þú færð meiri afslátt eftir því sem þú mætir oftar.
-7, -9 eða -11 krónur af hverjum lítra í hvert skipti*

Kynntu þér afsláttarþrep Orkunnar á orkan.is.

* Gildir eingöngu með kortum og lyklum Orkunnar. Gildir ekki á X-stöðvum Orkunnar.


ORKAN

Leggja til þrepaskiptan erfðafjárskatt

SKATTAMÁL Breytingar verða gerðar á lögum um erfðafjárskatt ef frumvarp Óla Björns Kárasonar og fleiri þíngmanna Sjálfstæðisflokks verður að lögum. Lagt er til að erfðafjárskattur verði þrepaskiptur og skatturinn af fyrstu 75 milljónum króna af skattstofni dánarbús lækki úr 10 prósentum í fimm. Tíu prósent skattur af erfðafé sem nemur meira en 75 milljónum verði áfram innheimtur. Flutningsmennirnir segja að nauðsynlegt sé að hafa í huga að erfðafjárskattur sé tilfærsla fjármagns og verðmæta á milli kynslóða. Erfðafé sé þegar skattlagt í formi tekjuskatta, fjármagnstekjuskatta og eignarskatta. Þannig segja þau erfðafjárskatt fela í sér tvísköttun. – ósk

Óli Björn Kárasón, þíngmaður Sjálfstæðisflokksins.



Nái frumvarpið að verða að lögum verður erfðafjárskattur sem hér segir:

Af fyrstu
75.000.000 kr.
í skattstofni dánarbús

reiknast **5%**
erfðafjárskattur

Af fjárhæð umfram
75.000.000 kr.
í skattstofni dánarbús

reiknast **10%**
erfðafjárskattur

FRÉTTABLAÐIÐ Vertu fyrst/ur að lesa blaðið

Fáðu blað dagsins í tölvupósti kl. 5.00 á morgnana.
Skráðu þig á póstlista Fréttablaðsins á www.frettabladid.is/nyskraning. Það kostar ekkert.

Fjórði hver lögregluamaður finnur ekki til öryggis

LÖGGÆSLA Einn af hverjum fjórum lögregluönum telur sig ekki vera öruggan í starfi. Þetta kemur fram í ársskýrslu dómsmálaráðherra. Snorri Magnússon, formaður Félags lögreglumanna, segir félagið hafa margt benti á lausnir til að auka öryggi lögreglumanna.

Markmið dómsmálaráðuneytisins er að nýja af hverjum tíu lögregluönum telji sig örugga við skyldustörf. Niðurstæða skoðunar í fyrra sýni það hins vegar að aðeins 74 prósent lögreglumanna telji sig

vera örugg í starfi. „Þetta er eitthvað sem þarf að bæta og hangir saman við það sem við höfum margt sagt. Það þarf að fjölga lögregluönum. Við teljum það vera meginþýringuna á þessu,“ segir Snorri.

Snorri segist margt hafa, bæði í ræðu og riti, gert stjórnvöldum grein fyrir því að þetta sé meginþáttur í að auka öryggi lögreglumanna. „Það er morgunljóst að öryggi er ekki mikið þegar þú þarft kannski að biða klukkustundum saman eftir aðstöð. Það getur svo sannarlega



Snorri Magnússon, formaður Landsambands lögreglumanna.

gerst í dreifðum byggðum landsins. Það er vinnuumhverfi sem er afar erfitt fyrir lögregluönum,“ bætir Snorri við.

Árið 2012 kannaði lögreglan sjálf

öryggi starfsmanna sinna og segir Snorri að svipaðar tölur hafi komið út úr þeirri rannsókn. „Það hefur litið breyst í þessum efnum enda hefur mönnum lögregluönum ekkert skánað á öllum þessum tíma. Hins vegar hefur verkefnum okkar fjölgað svo um munar á sama tíma. Við höfum talað fyrir daufum eyrum stjórnvalda lengi og virðist engu skipta hverjir eru við stjórnvöllinn í þeim efnum,“ segir formaður Landsambands lögreglumanna að lokum. – sa

Glímir við áfallastreituröskun eftir margra ára baráttu við TR

Jóhanna Þorsteinsdóttir segist sátt við niðurstöðu Umboðsmanns Alþingis vegna kvörtunar hennar um túlkun Tryggingastofnunar á útreikningi búsetuhlutfalls sem hefur áhrif á lífeyrisgreiðslur. Eftir að hafa fengið miklar skerðingar á lífeyrisgreiðslum flutti hún til Danmerkur og komst aftur á vinnumarkað.

ALMANNATRYGGINGAR „Tryggingastofnun hefur ekki sinnt upplýsingaskyldu sinni á neinu stigi málsins. Ég kom alls staðar að lokuðum dýrum eða í besta falli hálfopnum. Ég væri fyrir löngu komin aftur á vinnumarkað ef samskiptin við Tryggingastofnun hefðu verið betri. Þetta hefur hamlað bata mínum rosalega mikið,“ segir Jóhanna Þorsteinsdóttir sem kvartaði til Umboðsmanns Alþingis vegna skerðinga á lífeyrisgreiðslum.

Umboðsmaður skilaði nýverið álit í máli Jóhannu þar sem fallist var á sjónarmið hennar og Öryrkjabandalags Íslands sem aðstoðaði hana við málareksturinn sem tók tvö ár. Þar sem Jóhanna hafði búið að hluta til í Danmörku áður en hún fékk örorkumat árið 2013 átti hún ekki rétt á fullum bótum.

Til að öðlast fullan rétt þarf viðkomandi að hafa búið í 40 ár á Íslandi á aldrinum 16 til 67 ára. Sé um skemmri tíma að ræða ræðst rétturinn af hlutfalli búsetu einstaklings á Íslandi.

Tryggingastofnun reiknaði hlutfall búsetu Jóhannu á Íslandi rúm 47 prósent sem þýddi að hún átti aðeins rétt á því hlutfalli af örorkulífeyri og tengdum bótum. Fékkst sú niðurstæða með því að framreikna búsetu Jóhannu til 67 ára aldurs, í sömu hlutföllum og búsetan var fram að örorkumati.

Samkvæmt álit umboðsmanns er Tryggingastofnun ekki heimilt að framreikna búsetutíma með þessum hætti. Í tilfelli Jóhannu ætti að reikna öll framtíðarár frá fyrra



Öryrkjabandalagið hefur lengi mótmælt ýmiss konar skerðingum sem félagsmenn verða fyrir. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

örorkumati fram til 67 ára aldurs til búsetu á Íslandi.

Eins og fyrr segir fékk Jóhanna örorkumat árið 2013 en hún var ósátt við að fá ekki metna örorku aftur í tímann. Svo fór að hún fékk það leiðrétt og miðaðist því upphaf örorku við árið 2011. Það þýddi hins vegar að búsetuhlutfall hennar á Íslandi minnkaði niður í tæp 22 prósent og þar með skertust lífeyrisgreiðslurnar enn frekar.

Eftir það sá Jóhanna sér ekki fært að búa lengur á Íslandi og flutti

aftur til Danmerkur 2014. Vegna ólíkra reglna um örorkumat átti hún engan rétt í Danmörku en tókst að komast aftur inn á vinnumarkað og fékk í fyrstu hlutastarf en hún er nú komin í fullt starf.

„Það er rosalega gott að þetta mál hafi unnist en ég glími samt við áfallastreituröskun vegna þessa máls. Þetta er búið að vera langt ferli og hefur staðið í rauninni alveg frá 2013.“

Þrátt fyrir álit umboðsmanns segist Jóhanna ekki vilja flytja aftur

Ég kom alls staðar að lokuðum dýrum eða í besta falli hálfopnum.

Jóhanna Þorsteinsdóttir

til Íslands. „Ég get alls ekki hugsað mér að flytja heim. Ég er það niðurbrotin gagnvart heimalandinu að hafa farið svona með mig meðan ég gekk í gegnum erfiðleika.“
sighvatur@frettabladid.is

fiat.is

FIAT 500 - FRÁBÆRT TILBOÐSVERÐ!

AÐEINS 10 BÍLAR Á ÞESSU
EINSTAKA VERÐI FRÁ
1.790.000 KR.



5 ÁRA
ÁBYRGÐ

TRYGGÐU ÞÉR NÝJAN OG GLÆSILEGAN FIAT 500 MEÐ 5 ÁRA ÁBYRGÐ
TILBOÐSVERÐ FRÁ: **1.790.000 KR.** – LISTAVERÐ FRÁ: 2.390.000 KR.



ÍSABAND
ISLENSK-BANDARISKA EHF. BÍLAUMBOD

UMBODSADILI FIAT Á ÍSLANDI · PVERHOLT 6 · 270 MOSFELLSBÆR · S. 534 4433
WWW.ISBAND.IS · ISBAND@ISBAND.IS · OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 · LAUGARDAGA 12-16



Way of Life!

ÖFLUGUR SUZUKI S-CROSS

BEINSKIPTUR, SJÁLFSKIPTUR OG FJÓRHJÓLADRIFINN

KOMDU
OG PRÓFAÐU
HANN!



Fjór hjóladrifinn Suzuki S-Cross

- meiri veghæð, nýjar öflugar- og sparneytnar vélar gera frábæran bíl enn skemmtilegri og til í hvað sem er. Þú kemst alla leið!
Suzuki S-Cross er með ríkulegan staðalbúnað.

VERÐ FRÁ KR.

▶ **3.990.000**

ALLGRIP

4WD All-grip skapar aksturseiginleika í sérflokki.
.....



SUZUKI

FLUTT MED
EIMSKIP

Fáðu nánari upplýsingar á suzuki.is

Suzuki bílar hf. | Skeifunni 17 | Sími 568 5100

Burfa að greiða virðisaukaskatt af skildinging

SKATTAR Yfirskattanevnd (YSKN) hefur staðfest úrskurð Tollstjóra um að einstaklingar þurfi að greiða virðisaukaskatt af innfluttri eins dollars mynt. Þaðir aðilar töldu að um söfnunargrip væri að ræða en eigendur myntarinnar sögðu hana vera góðan og gildan gjaldmiðil.

Atvik málsins eru þau að í fyrra flutti fólkíð inn svokallaða „American Silver Eagle Bullion“ silfurmynt. Myntin er frábrugðin venjulegum myntum að því leyti að hún er gerð úr 31 grammi af nær hreinu silfri. Venjuleg mynt er hins vegar gerð úr blöndu af kopar, sinki, nikkel og mangani. Að baki ákvörðun Tollstjóra lá sú staðreynd að myntin væri gefin út í takmörkuðu upp-

» Umrædd mynt er gerð úr 31 grammi af nær hreinu silfri. Nafnvirði hennar er einn dollar.

lagi árlega og færi ekki í almenna umferð líkt og hefðbundinn skildingur. Myntir sem þessar gengju kaupum og sölum á netinu og væri kaupverðið margfalt nafnvirði myntarinnar. Af þeim sökum bæri að greiða 24 prósentu virðisaukaskatt af innflutningi hennar.

Þessu undi fólkíð ekki og kærði málið til YSKN. Byggði það á því að myntin hefði verið keypt í fjárfestingarskyni til að byggja upp sparnað sem nýta mætti sem gjaldmiðil í viðskiptum. Ekki stæði til að eiga myntina sem safngrip. Á þetta féllst YSKN ekki og staðfesti niðurstöðu Tollstjóra. – jõe

Segir Kavanaugh hafa káfa á sér

BANDARÍKIN Konan sem sakað hefur dómarrann Brett M. Kavanaugh um að hafa brotið gegn sér kynferðislega steig fram undir nafni í gær. Konan, Christine Blasey, segir að Kavanaugh hafi reynt að þvinga hana til kynmaka í samkvæmi fyrir 30 árum, með því halda henni niðri og káfa á henni.

„Ég óttaðist að hann myndi óvart drepa mig,“ sagði Blasey í viðtali við Washington Post. Kavanaugh var tilnefndur af Bandaríkjaforseta til setu í Hæstarétti. Kavanaugh situr nú fyrir svörum á Bandaríkjaþingi vegna tilnefningarinnar. – khn

Sama upphæð fylgi hverju barni óháð rekstrarformi

MENNTAMÁL Hildur Björnsdóttir, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins, mun á morgun leggja fram tillögu um breytingu á fjárframlögum til grunnskóla. Tillagan snýr í grunninn að því að sama fjárframlag fylgi hverju barni inn í grunnskóla, burt séð frá því hvort barnið gangi í sjálfstætt rekin grunnskóla eða grunnskóla sem rekin er af Reykjavíkurborg.

„Sonur minn gengur í Ísaksskóla. Skólinn er stórkostlegur og hefur ljóslega sannað gildi sitt. Þar sem skólinn er sjálfstætt starfandi greiðir borgin lægri fjárhæð með menntun

nemenda hans en menntun barna í borgarreknum skólum. Foreldrar barna í Ísaksskóla, og öðrum sjálfstæðum skólum borgarinnar, verða því að greiða skólagjöld,“ ritar Hildur á Facebook-síðu sína þar sem hún greinir frá tillögunni.

Skólagjöld í Ísaksskóla eru 210.000 krónur á ári fyrir börn á aldrinum sex til níu ára og tíu þúsund krónum lægri fyrir fimm ára börn. Eins er hægt að fá systkinaafslátt.

„Þetta hefur í rauninni verið eitt af baráttumálum sjálfstæðra skóla í langan tíma. Í dag er rekstrarum-



Hildur Björnsdóttir, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins,

hverfi þeirra erfitt því þeir fá ekki sömu fjárframlög og borgarreknu skólarnir og skólagjöldin duga ekki þannig að þeir standa í rauninni verr að vigi,“ segir Hildur.

„Okkur þykir rétt að öll börn í borginni fái sama framlag með sinni menntun og það sé svo í höndum

foreldra að velja í hvaða skóla barnið fer,“ segir hún. „Eins og staðan er í dag er það ekkert fyrir alla að borga skólagjöld með börnunum sínum.“

Aðspurð segist Hildur spennast að sjá hvernig tekið verði við tillögunni, sem líkt og fyrr segir verður lögð fram á morgun. „Innan borgarstjórnar eru margir sem aðhyllast hugmyndafræði um jöfn tækifæri fyrir börn og svo er kominn inn flokkur eins og Viðreisn sem talar fyrir því að styðja við sjálfstæða skóla. Þannig að ég bara vona að þetta fái góðan hljómgrunn,“ segir Hildur að lokum. – bsp

Ógurlegt tjón eftir Mangkhut

Minnst 64 eru látnir eftir að hitabeltisstormurinn Mangkhut fór yfir Filippseyjar og suðurhluta Kína. Talið er vist að tala látinna muni hækka enn. Illa gengur að koma björgunarfólki á þau svæði sem verst urðu úti.

KÍNA Gífurleg eyðilegging varð í suðurhluta Kína þegar fellibylurinn Mangkhut fór þar yfir í gær. Minnst 64 fórust þegar fellibylurinn fór yfir Filippseyjar.

Mangkhut er einn verst fellibylurinn það sem af er ári en vindstyrkur hans var um og yfir 45 m/s. Storminum fylgdi gífurlegt úrhelli og þá gekk sjór víða á land. Aður en stormurinn náði landi mældist vindstyrkur mestur riflega 70 m/s.

Á föstudaginn fór stormurinn yfir norðurhluta Filippseyja. Eyjan Luzon, stærsta og fjölmennasta eyja klasans, varð verst úti en þetta er versta veður á eynni síðan árið 2010 þegar fellibylurinn Megi fór þar yfir. Filippseyjar urðu einnig illa úti árið 2013 þegar fellibylurinn Haiyan skall á suðurhluta þeirra.

Yfirvöld sáu snemma í hvað stefndi og voru tugir þúsunda fluttir af þeim svæðum sem talið var að yrðu verst úti. Hæsta viðbúnaðarstig var á eynni, skólum og opinberum stofnunum var lokað og fólk beðið um að vera í vari á meðan óveðrið geislaði.

Sem fyrr segir fylgdi storminum gífurlegt úrhelli og fellu skriður á vegi og hús víða. Hérudin Cordillera og Nueva Vizcaya urðu verst úti. Minnst 64 týndu lífi en þar af voru 26 náamenn í gullnámu í Itogon sem urðu innlyksa þegar skriða fell á námu þeirra. Þá létust tveir björgunarmenn þegar þeir komu á vettvangslyssins. Átta er enn saknað. Þá er óttast um afdrif fjölda bænda sem freistuðu þess að bjarga hrísgrjóna- og maísuppskeru ársins áður en stormurinn skall á.

Mannvirki eru víða rústir einar og því erfiðleikum háð fyrir við-



Björgunarfólk leitast að eftirlifendum í rústum í Baguio á Filippseyjum norður af höfuðborginni Manila. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

» Vindstyrkur Mangkhut mældist mestur riflega 70 m/s. Talsvert hægð á honum þegar stormurinn fór yfir land á Filippseyjum og í Kína.

bragðsáðila að koma bágstöddum til aðstoðar. Yfirvöld telja vist að tala látinna víðs vegar um eyjuna muni hækka enn.

Eftir að hafa farið yfir Filippseyjar lá leið Mangkhut til Kína. Þá hafði dregið nokkuð úr vindhraða. Yfirvöld létu flytja um 2,4 milljónir

manna á brott áður en veðrið skall á. Stormurinn náði landi í gær í Jiangmen í Guangdong-héraði við suðurströnd landsins. Héraðið varð illa úti í hamförnum.

Sömu sögu er einnig að segja af Hong Kong og Macau en spilavítum á síðarnefnda svæðinu var skipað að skella í lás. Er það í fyrsta sinn í sögunni sem það gerist.

Í Hong Kong var ástandið afar slæmt. Á vaxandiárinum má sjá myndbönd af því þegar veður- ofnsinn rifur tré upp með rötum og hendir þeim svo til líkt og um smávægilegt plastuflé sé að ræða. Gler í fjölda húsa lét undan barningnum og sömu sögu er einnig að segja af klæðningum fjölda háhýsa og

raflinum. Hús við ströndina urðu illa úti þegar sjór gekk á land. Rafmagnslaut er á stórum svæðum. Tölur um manntjón liggja ekki fyrir. joll@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ

+PLÚS

Fleiri myndir má nálgast á +Plús síðu Fréttablaðsins.

Fréttablaðið +Plús er eingöngu í Fréttablaðs-appinu eða í PDF-útgáfu blaðsins sem er aðgengileg á frettabladid.is.

25% AFSLÁTTUR
17.-21. SEPT.

Char-Broil TRU INFRARED

AF ÖLLUM GRILLUM



CHAR-BROIL BIG EASY
Steikarofn, reykofn og grill
41.175 KR.
VERÐ ÁÐUR 54.900 KR.



CHAR-BROIL GASGRILL
2 brennara
54.425 KR.
VERÐ ÁÐUR 69.900 KR.



GAS2COAL GAS- OG KOLAGRILL
3 brennara
59.925 KR.
VERÐ ÁÐUR 79.900 KR.



CHAR-BROIL PROFESSIONAL
3 brennara
66.675 KR.
VERÐ ÁÐUR 88.900 KR.

Öll Char-Broil grillin eru með TRU-infraréd tækninni sem kemur í veg fyrir eldtungur og tryggir jafnari steikingu.

Rekstrarland er opið alla virka daga kl. 8-17.

SAMSUNG

SAMSUNG QLED TV

Q picture

Litur

Sýnir alla líti 100%

Contrast

Mikil nákvæmni í björtu sem dimmu

HDR 1500/2000

Sýnir nákvæmlega rétta líti

Sjónarhorn

Öll sætin eru bestu sætin

Q style

Ósýnilegar tengingar

Hannaðu umhverfið að vild

Engin skil

Fellur alveg að veggnum

Takmarkalaus 360° hönnun

Hvert smáatriði er þaulhugsað

Q smart

Ein fjarstýring

Afruglari, Netflix og Youtube

Allt í einni fjarstýringu

Smart view

Sjórnaðu sjónvarpinu frá símanum

Smart Content

Fjölbreytt úrval efnisvelta



Samsung QLED is Quantum dot based TV

Samsung QE65Q9F

Þegar þú velur Samsung sjónvarp, velur þú tækni og gæði til framtíðar

SAMSUNG NU6025



UHD 4K - PQI 1300 - Smart TV

50" 109.900,-

55" 119.900,-

65" 189.900,-

SAMSUNG NU7445



UHD 4K - PQI 1800 - Smart TV

43" 129.900,-

50" 149.900,-

55" 159.900,-

65" 239.900,-

SAMSUNG NU8045



Premium UHD 4K - Smart TV
PQI 2600 - HDR 1000
10 bita skjár

55" 219.900,-

65" 309.900,-

75" 429.900,-


SAMSUNG

SETRIÐ

LÁGMÚLA 8 - 530 2800

ORMSSON

Opnunartímar:
Virka daga kl. 10-18
Laugardaga kl. 11-15



ormsson

+PLÚS



Íbúar fiskiþorsins Shang Wu á Austur-Taívan virða eyðilegginguna fyrir sér. Öldugangurinn olli víða skemmdum á bryggjum og bátum auk þess að rífa nokkra slíka með sér á haf út. NORDICPHOTOS/AFP

Mangkhut skildi eftir sig slóð eyðileggingar


Minnst 64 týndu lífi á Filippseyjum og í Kína þegar hitabeltisstormurinn Mangkhut fór þar yfir. Stormurinn er einn sá sterkasti það sem af er ári. Víst er talið að tala látinna muni hækka.



Hluti íbúa Isabela-héraðs á Filippseyjum leitar að fiski sem skolað hefur á land. NORDICPHOTOS/AFP



Gluggar í Hong Kong voru ekki hið eina sem gaf sig en hið sama má segja um þök, vinnupalla, tré og annað lauslegt. NORDICPHOTOS/AFP



Gluggar í háhýsum í Hong Kong létu undan ofsalegum vindinum og gastaði því vel um skrifstofur og íbúðir víða um borgina. NORDIC PHOTOS/AFP



Fólk hefst víða við í neyðarskýlum og treystir á neyðaraðstoð til að draga fram lífið. Svo er háttáð um þessa íbúa Tuguegarao í Cagayan-héraðs á Luzon-eyju Filippseyja. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Fýlukast



Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrun@frettabladid.is

Stórstjórnun í hinum alþjóðlega íþróttaheimi fyrirgefist margt, enda gagnrýnislaus aðdáun á þeim mikil. Sumar eru nánast í guða tölu og engu er líkara en þær geti ekki gert neitt rangt. Raunin er þó önnur því skrifmætti heilu doðrantana um þær íþróttahetjur sem hafa orðið uppvisar að ýmsu misjöfnu. Þær sleppa þó yfirleitt vel. Aðdáendum stendur til dæmis nákvæmlega á sama um það þótt forrika og glæsilega knattspyrnuhetjan þeirra sé afhjúpuð fyrir stórfelld skattsvik, eins og er stöðugt að gerast úti í hinum stóra heimi. Fótþolastjórnur eins og Lionel Messi og Cristiano Ronaldo eru dáðar fyrir leikni sína á vellinum og skattsvik þeirra eru ekkert sérstaklega til umræðu og fyrirgefast fremur auðveldlega. Ekkert slær heldur á aðdáun fólks á alkunnum hörkórólum eins og Tiger Woods og Wayne Rooney. Þeir kunna jú ýmislegt fyrir sér í sinni íþróttagrein.

Svo eru aðrar íþróttahetjur, dáðar um allan heim, sem kunna að lifa sómasamlega. Þær virðast hinar fullkomnu fyrirmyndir og ekkert sýnist geta steypt þeim af stallinum. Svo dag einn reynast þær versti óvinur sjálf sín. Það henti Serenu Williams á dögnum í úrslitaleik bandaríska meistaramótsins í tennis. Hún braut tennisþað sinn og hellti sér yfir dómarmann með öpum og óskrum þegar henni varð ljóst að hún myndi ekki vinna, eins og hún virðist sjálf hafa talið fyrirfram öruggt. Það er ekki á hverjum degi sem stórstjarna sést taka æðiskast fyrir framan kvikmyndatökuvél og þar sem þetta var ansi völdugt kast var þetta hið besta sjónvarpsefni um allan heim og endursýnt hvað eftir annað.

Í stað þess að skammast sín fyrir forkastanlega framkomu hélt Williams, sem sannarlega braut reglur, því fram að dómarmann hefði svinað á henni vegna þess að hún er kona og þar að auki svört. Karlveldið hefur gríðarlega margt á samvissunni og með réttu má kenna því um ýmislegt, en í þessu máli ber það ekki sök, eins og upptökur sanna. Heimsþekkt íþróttakona, sem er von að sigri og telur sig greinilega réttborna til þess, mætti ofjarli sínum. Það kemur kvennakúgun ekkert við. Hin japanska Naomi Osaka sigraði tennisdrottninguna á sannfærandi hátt. Hún á einnig hrós skilið fyrir að búa yfir nægum sálarstyrk til að þola frekjuköst stórstjórnunnar meðan á leik stóð. Það er sérlega aðdáunarvert vegna þess að Osaka hefur sjálf sagt að Williams sé fyrirmynd sín. Þarna var Williams þó engin fyrirmynd. Framkoma hennar var einmitt skólabókardæmi um það hvernig á ekki að bregðast við þegar ljóst er að leikurinn er að tapast.

Það skrytna í þessu máli er að engu máli virðist skipta að Williams hefði sér eins og fordekrúð frekjudó. Í nafni kvennasamstöðu og baráttu gegn karlveldinu hefur Serena Williams verið hylt, þrátt fyrir að hafa itrekað brotið reglur og orðið sér til háborinnar skammar á vellinum.

Þetta kallast að snúa hlutunum rækilega á hvolf. Um leið skipta staðreyndir engu máli og réttmætar áminningar og refsistig karlkynsdómara eru einungis sögd til marks um illa meðferð á konum í íþróttahéimunum. Þvílík endemis þvæla!

Haldór



Frá degi til dags

Fögnuður

Síðasta vika var viðburðarík innan veggja WOW air en á föstudag tilkynnti félagið að tekist hefði að tryggja fjármögnun þess fyrir næstu misseri. Á tímabili virtist útlitíð tvisýnt, markaðir fóru á ferð og flug og Seðlabankinn greip inn í gjaldeyrismarkað. Það var því skiljanlega þungu fargi létt af stjórnendum þegar allt var í höfn. Afanganum var fagnað á Kexi Hosteli og Snaps á föstudagskvöldið og mátti greinilega merkja spennufall á stjórnendum eftir ökyrróina dagana á undan. Sá kald þetta kvöldið var vafalaust verðskuldaðri en flestir slíkir dagana og mánuðina á undan.

Táknin

Þingflokkur Viðreisnar lagði á ný fram nýtt frumvarp til laga um mannanafnanefnd. Hið fyrra dó drottni sínum í nefnd eftir fyrstu umræðu. Frumvarpið galopnar á frelsi við nafngjöf fyrir utan að það skyldar fólk til að heita minnst eigin nafni og kenninafni. Hver og einn má taka upp það ættarnafn sem honum sýnist og virðist þá einu gilda að einhver annar hafi brúkað það áður. Þá opnar frumvarpið líka á að nota tákn og óhefðbundnið letur við nafngjöf. Algjörlega vanhugsað segja einhverjir, löngu tímabær gleðitiðindi segja aðrir. joli@frettabladid.is

Gerum lífið betra



Agúst Olafur Agústsson
Þingmaður Samfylkingarinnar

Ísland er að mörgu leyti gott samfélag. Mennigjarlíf landsmanna er í blóma, stutt er í óviðjafnanlega náttúruferug og yfirleitt er mikil nálægð við fjölskyldu og vini. Hins vegar er sumt sem er þyngra en tárur taki. Í hverri viku deyr einn Íslendingur vegna ofneyslu lyfja og annar mun fremja sjálfvíg. Í dag búa 6.000 íslensk börn við fátækt og um hundrað eldri borgarar búa á spítalanum því önnur úrræði eru ekki fyrir hendi.

Þetta þarf ekki að vera svona. Við erum einungis 350 þúsund og við erum 11. ríkasta land í heimi.

Við þurfum ekki láta eldri borgara og fjölskyldur þeirra búa við óvissu og bág kjör. Við þurfum ekki að refsa öryrkjum fyrir að vinna. Við þurfum ekki að setja minni fjármuni í háskólana en nágrannaþjóðir okkar gera. Við þurfum ekki að láta ljósmæður fara í kjaradeilu. Við þurfum ekki að láta löggæslu og samgöngur drabbast niður. Við þurfum ekki að hafa samfélag þar sem ríkasta 1% landsmanna á meira en 80% þjóðarinnar. Við þurfum ekki að hafa bjarstjórnann í Þorlákshöfn á hærri launum en borgarstjórnann í London. Við þurfum ekki að lækka veiðileyfagjöld helmingi meira en það sem stendur til að hækka persónuafslátt fólks. Og við þurfum ekki að vera eitt dýrasta land í heimi.

Við lestur á fjárlagafrumvarpi ríkisstjórnarinnar er ljóst að stórtúrgerðarmenn þurfa ekki að fara í mikla kjaradeilu við þessa ríkisstjórn eins og ljósmæður þurftu að gera.

Enn á að refsa öryrkjum fyrir samfélagsþátttöku sína og eldri borgarar þurfa áfram að bida eftir mannsæmndi kjörum. Barnabætur eru enn skilgreinandi sem fátækrastrykkur og framhaldsskólarnir fá beinlínis lækkuð á fjárframlögum milli ára.

Við höfum allt til alls á landinu okkar ef við viljum. En þá þarf að hætta að dekra við sérhagsmunni og sjálftökuliði.

Hlúum að hinum venjulega Íslendingi og gerum lífið auðveldara og ódýrara.



Karlveldið hefur gríðarlega margt á samvissunni og með réttu má kenna má því um ýmislegt, en í þessu máli ber það ekki sök.



Verkalýðsfélagið Hlíf

ALLSHERJARATKVÆÐAGREIÐSLA

Ákveðið hefur verið að viðhafa allsherjaratkvæðagreiðslu um kjör fulltrúa Verkalýðsfélagsins Hlífar á 43. þing Alþýðusambands Íslands, sem haldinn verður dagana 24-26. október 2018. á Hilton Nordica, Reykjavík

Tillögum með nöfnum 5 aðalfulltrúa og 5 varafulltrúa ber að skila á skrifstofu Hlífar fyrir kl. 16:00, mánudaginn 24. september n.k.

Tillögum ber að fylgja meðmæli minnst 60 félagsmanna.

Kjörstjórn Hlífar

Viðskiptamenn ársins

Í DAG



Guðmundur Steingrímsson



Ef til vill hafði Richard Branson rétt fyrir sér þegar hann sagði að besta leiðin fyrir milljónamæringur sé að eiga flugfélag.

Yfirmaður minn einu sinni var mikið og skært nýstírni í íslensku viðskiptalífi. Hann þótti rosagóður í bíssness. Hugmyndaríkur og áráðinn.

Mér fannst þetta finn náungi svona í daglegri viðskiptun og vona að hann sé að gera það gott núna og sé búinn að finna jafnvægið í lífinu. Það hefur lítið spurst til hans. Þetta var nokkrum árum fyrir hrún. Mér finnst það svo ótrúlega bitastætt, nú þegar ég lit til baka og velti fyrir mér stöðu viðskiptastjarnanna í íslensku viðskiptalífi, að síðasta samtalið sem ég átti við þennan unga mann, sem undirmaður hans, var þegar hann hringdi í mig úr tikallasíma á Kviabryggju. Hann var alveg hress og allt það, en hann hringdi samsagt til þess að segja mér að peningarnir væru því miður búnir — starfsemin hefði farið of geyst af stað — og nú þyrfti ég að fara að segja upp fólk. Hann var sjálfur að afplána dóm sem hann hafði fengið nokkru fyrir út af peningamálu. Ég vatt mér í verkefnið. Fólk grét og þetta var erfitt. Skömmu síðar var mér sagt upp. Á afmælisdaginn minn. Rétt eftir það hætti svo starfsemin alveg. Hún fjarði út í peningaskorti.

Hvað gerðist?

Ég velti stundum fyrir mér og ég verð að viðurkenna að ég hef ekki hugmynd um svarið: Hvað er góður viðskiptamaður? Hvað er góður stjórnandi í fyrirtæki? Nú hefur maður lesið af athygli og með þonokkurri undrun fréttir af íslensku flugfélögum. Þeim hafa stýrt á undanföllum árum miklir mögular í

viðskiptalífum. Ég hugsa að þetta séu alveg ágætismenn. Hugmyndaríkir og áráðnir. Snjallir í tölunum. En vanga-velturarnar sem æpa á mig eru samt sem áður þessar: Það hefur beinlínis orðið fordæmalaus sprenging í túrísma á Íslandi á undanföllum árum. Fjöldi ferðafólks hingað til lands hefur aukist stjarnfræðilega. Flugfélögin hafa flutt hingað fólk frá öllum heimshörnum. Eldsneytisverð hefur verið í sögulegum lægðum. Hafa ekki ríkt kjörskilyrði til þess að reka flugfélag? Af hverju eiga félögin, eftir svona langan og góðan uppgangstíma, ekki haug af seðlum?

Innistæðulaust tal

Glætan spætan. Eldsneytisverð hækkar (eins og við mátti búast, ekki satt?) og vá. Allt er í steik. Ég veit ekki hvernig á að reka flugfélag. Kannski er samkeppnin svo mikil að öll flugfélög eru í raun nauðbeygd til að verðleggja sig í þrot. Það kann að vera. Ef til vill hafði Richard Branson rétt fyrir sér þegar hann sagði að besta leiðin fyrir milljónamæring til þess að verða milljónamæringur sé að eiga flugfélag. En hversu heimskulegt er þetta samt? Sem Íslendingur er maður orðinn æði vanur því að fólk í viðskiptum sé dásamað og vöxtur fyrirtækja þeirra álitinn ríkulegt aðdáunarfni. Valdir eru viðskiptamenn ársins og tekin drottningarviðtöl um framtíðar-áætlanir og hvernig ebitada og skúbi-dada og cashflow og margina muni skriljónfaldast. Í hrúinu var þjóðin rækilega minnt á það hvernig allt svona tal getur verið algjörlega innistæðulaust. Að baki velsældinni eru alltaf skuldir. Á bak við allt lán er lán. Eftir hrún liðu



nokkur ár þar sem beinlínis allt fólk í viðskiptum var lítið hornauga. Á tímabili fannst mér eins og stemningin væri þannig að enginn mætti yfirhöfuð hafa nein áform um neitt, ekki fjárfesta í neinu, ekki byggja neitt, nema kannski mögulega frá Vigdis Finnbogadóttir. Allir aðrir voru tortryggilegir.

Það má eitthvað á milli vera. Við þurfum góð, vel rekin fyrirtæki. Þá kom einmitt ferðabjónustan og allur upp-gangurinn. Maður gladdist yfir því að leiðsöguþéttir í lopapeysum náði loksins að græða fé. Konur á fjallahjólum stofnuðu fyrirtæki. Iðnaðarhúsnæði varð gistihús. Líf spratt. Var ljóðrænt réttlæti að verki? Nýtt heilbriggt viðskiptalíf að verða til?

Sami lærdómurinn

Stinga þá ekki þessir viðskiptamenn ársins aftur upp kollinum. Hressir. Öruggrir. Búnir að hugsa þetta. Staðan er borðleggjandi. Þetta getur ekki klikkað.

Þeirra tími er kominn. Í framtíðinni verður flug ókeypis. Ársreikningar sýna trausta stöðu. Frábær milliuppþjör.

Fregnirnar af vandræðum WOW í liðinni viku sýndu manni enn og aftur hversu fyndið og fánlegt allt þetta tal er í raun og veru. Einn daginn eru peningarnir bara búnir. Allir hressir samt. Svona er lífið. Sjött happens. Þetta reddaðist ekki.

Kannski reddast WOW og kannski reddast Ícelandair. Eftir stendur þó enn einn harður lærdómurinn um sífellt það sama: Þeir sem fljúga hæst falla hraðast. Einhvern tímann verður vonandi í fararbroddi í viðskiptalífum fólk sem er raunsærra, jarðbundnara, ekki of bjartsýnt. Það má vel vera eldhugar. Oft er hæfilegt óraunsæi drifkraftur framkvæmda. Það má vera áreðið. Það má vera hugmyndaríkt. Bara ekki hringja í okkur hin úr tikallasímanum á Kviabryggju enn eina ferðina til að segja okkur að peningarnir séu búnir.



Innovation that excites

KOMDU OG REYNSLUAKTU NÝJUM NISSAN MICRA



AutoTrader

**BEST
BÚNI BÍLLINN
2018**
VIÐURKENNING

**NISSAN MICRA
VERÐ FRÁ: 2.350.000 KR.**

NISSAN hlaut viðurkenningu bílasöluritsins AutoTrader sem **BEST BÚNI BÍLLINN 2018**. Viðurkenningin er byggð á könnun meðal rúmlega 40 þúsund bílegjenda á því hvaða framleiðandi uppfylli best þarfir um staðalbúnað í nýjum bifreiðum.

NISSAN INTELLIGENT MOBILITY

GE bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

Bílasalan Bílís
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is





ÚRVAL ÚTSÝN

MARRAKESH

BEINT FLUG MEÐ ICELANDAIR



SÉRFERÐ

ICELANDAIR

MAROKKÓ 13. OKTÓBER – 8 DAGAR

Á KONUNGASLÓÐUM

Í þessari spennandi vikufærð þræðum við leiðina á milli fjögurra ævafrna borga sem allar geyma ríka sögu og hefðir sem litlum breytingum hafa tekið í aldanna rás.

Við skoðum helstu undur Marrakesh, fáum innsýn í litríkt mannlíf og matargerðarlist, reikum um götur og torg, skoðum stórbrotnar minjar líkt og virkishlið Bab al Mansour, grafhýsi Maloy Ismail og ótal fleira. Samskonar ferð í apríl 2018 tókst einstaklega vel.

Gist á 4–5 stjörnu hótélum, hálftr fæði innifalið.

VERÐ FRÁ 179.900 KR.

Verð á mann m.v. 2 fulloröna.



BORGARFERÐ

ICELANDAIR

MAROKKÓ 13. OKTÓBER – 8 DAGAR

VIKUFERÐ TIL MARRAKESH

Vikulöng dvöl í Marrakesh gefur færi á að gægjast undir yfirborðið og komast nær hinni raunverulegu Marokko. Ekki síður getur ein vika verið ávisun á afslappaða daga í mildu og hlýju Miðjarðarhafsloftslaginu og að njóta glæsilegrar hótélgingingar sem Marrakesh er þekkt fyrir.

Í boði veður skoðunarferð um borgina og ferðir út fyrir borgarmörkin.

Gist á 4–5 stjörnu hótélum, morgunmaturl innifalinn.

VERÐ FRÁ 135.900 KR.

Verð á mann m.v. 2 fulloröna.



BORGARFERÐ

ICELANDAIR

MAROKKÓ 27. OKTÓBER – 5 DAGAR

HELGARFERÐ TIL MARRAKESH

Í þessari borgarferð fáum við meðal annars að upplifa brjálæða markaðsstemningu á Djemaa el-Fna, undursamlega garða Yves Saint Laurent og týnast í vöndarhúsi Medina.

Gist á 4–5 stjörnu hótélum, morgunmaturl innifalinn, úrval skoðunarferða

VERÐ FRÁ 115.900 KR.

Verð á mann m.v. 2 fulloröna.

ERTU MEÐ HÓP?

FÁÐU TILBOÐ Í ÞINN HÓP HJÁ HOPAR@UU.IS

NÁNAR Á URVALUTSYN.IS

OG HJÁ FERÐARÁGGJÖFUM Í SÍMA 585 4000



ÚRVAL ÚTSÝN

ICELANDAIR

LJÚFA VALENCIA

10.–14. OKTÓBER



Valencia er einstaklega ljúf heim að sækja með kraftmikla menningu, sína fínu matarhefð og iðandi næturlíf. Valencia er í dag á topplistum fyrir glæsilegan og nútímalegan arkitektúr í bland við fjölmargar art-nouveau byggingar sem umlykja götur og torg en eldri byggingastílar setja svip á fjölmörg minnismarki og byggingar. Þessi hringiða myndar órofa magnaða heild utan um fjölmörg metnaðarfull söfn, iðandi fjölda veitingahúsa, létt leikandi götulíf, frábærar verslanir og kílómetralanga strönd. Allt þetta veit á einstaka sérstöðu þessarar suður Evrópsku borgar.

JÓN SIGURÐUR EYJÓLFSSON
FARARSTJÓRI



„Jón er fræðandi, ábyrgur, úrræðagóðir og ljúfur í framkomu“

**** PRIMUS VALENCIA

Gott og stílhreint hótél staðsett rétt við „City of Arts and Sciences“. Á móti hótelinu er Aqua Multiespacio verslunarmiðstöðin. Góður veitingastaður, líkamsrækt, heilsulind og útisundlaug eru á hótelinu.




***** HOSPES PALAU DE LA MAR

Mjög gott hótél vel staðsett í hinu skemmtilega Eixample Noble hverfi, stutt frá Dómkirkjunni og gamla bænum. Herbergin eru nútímaleg og stílhrein. Sælkeri veitingastaður, heilsulind, sundlaug og fleira á staðnum.



**** SENATOR PARQUE CENTRAL HOTEL

Mjög vel staðsett hótél í hjarta Valencia í um 15 mínútna göngufæri frá gamla bænum. Herbergin eru rúmgóð og hlýleg. Stutt í úrvals veitingastaði, kaffihús og sérverslanir.



**** OLYMPIA EVENTS & SPA

Nútímalegt hótél stutt frá miðborginni og ströndinni. Herbergin eru rúmgóð með öllum betri staðalbúnaði sem og líkamsrækt, innsundlaug og góðum veitingastaði.



PAKKAVERÐ FRÁ 78.900 KR.

Verð á mann m.v. 2 fullorðna. INNIFALID: Beint flug með Icelandair, gisting í 4 nætur, íslensk fararstjórn, flugvallaskattar, ferðataska og handfarangur.

NÁNAR Á URVALUTSYN.IS OG HJÁ
FERÐARÁÐGJÖFUM Í SÍMA 585 4000

Höfum þroskast heilmikið sem lið á undanförunum árum

Stjarnan vann sinn fyrsta bikarmeistaratið í karlaflokki gegn Blikum um helgina. Markverðir liðanna voru í aðalhlutverki og þurfti vítaspyrnukeppni til að útkljá leikinn þar sem Garðbæingar höfðu betur, 4-1. Jóhann Laxdal sagði að Garðbæingar hefðu verið ákveðnir í að tapa ekki þriðja bikarúrslitaleiknum í röð.

FÓTBOLTI Allt er þegar þrennt er má segja um fyrsta bikarmeistaratið Stjörnunnar í knattspyrnu í karlaflokki sem vannst um helgina. Var þetta í þriðja sinn sem Stjarnan lék til úrslita og í annað sinn sem það réðst á vítaspyrnukeppni en í þetta skiptið voru það Garðbæingar sem fóru fagnandi heim. Þeir hafa hins vegar ekki langan tíma til að fagna, þeir eru í harðri baráttu við Val um Íslandsmeistaratið þegar þrjár umferðir eru eftir og lífir því draumurinn um að vinna tvöfalda góðu lífi í Garðabæ.

„Við fengum aðeins leyfi til að fagna þessu í gær, förum með stuðningsmönnum í félagsheimilið og þar var smá húllumhæ en menn voru ekkert að missa sig. Það eru þrjár leikir eftir af mótnu og við settum fagnaðarlætin á ís í smá stund,“ sagði Jóhann Laxdal, bakvörður Stjörnunnar, léttur er Fréttablaðið sló á þráðinn til hans.

Blikar reyndu að koma Stjörnunninni á óvart með því að breyta um leikkerfi og voru liðin varfærin í fyrri hálfleik. Gáfu fá færi á sér. Eftir því sem leið á leikinn færðist meiri hasar í leikinn en allar tilraunir sem rötudu á markið voru stöðvaðar af góðum markvörðum liðanna. Haraldur Björnssyni og Gunnleifi Gunnleifssyni.

Garðbæingar voru líklegri og fengu betri færi er Blikar þreyttust og lentu í meiðslum. Í markinu hélt Gunnleifur sínum mönnum inni í leiknum með ótrúlegri markvörslu og þurfti því að grípa til vítaspyrnukeppni.

Þar reyndist Haraldur Björnsson hefja Garðbæinga. Varði hann frá Arnóri Gauta Ragnarssyni stuttu eftir að Oliver Sigurjónsson skaut yfir markið. Var það því undir Eyjólf Hédinssyni komið að koma titlinum til Garðbæinga og stóðst hann það próf með þryði.

Þetta var þriðji bikarúrslitaleikur Jóhanns með Stjörnunninni.

„Við höfum oft verið nálægt



Siguræli Garðbæingar á Laugardalsvelli á laugardaginn þegar bikarmeistaratið var í höfn. MYND/HAFLÍÐI BREIÐFJÖRÐ

þessu, töpum tvisvar í úrslitaleiknum og svo í undanúrslitunum í fyrria. Menn hafa oft verið súrir eftir að hafa dottið úr leik í bikarum og við ætludum okkur ekki að upplifa þá tilfinningu aftur.“

Búnir að þroskast

Þetta var í þriðja sinn sem Stjarnan hafði betur gegn Breiðabliki á árinu.

„Það var kannski ekki mikið flæði í sóknarleik liðanna enda í þriðja sinn sem liðin mætast og það er erfitt að brydda upp á einhverju nýju. Þetta fer svo í vítaspyrnukeppni sem er yfirleitt 50/50 en liðið eins og við erum með það í dag hefur þroskast á svo mörgum sviðum. Við erum með mun meira sjálfstraust í dag til að ná úrslitum. Til þess að vinna titla þarftu markmann sem getur unnið leiki fyrir þig líkt og Haraldur gerði.“

Þetta er annar stóri titill Stjörn-

unnar í karlaflokki og fékk Jóhann að upplifa hann með uppeldisfélaginu, æskuvinum sínum og bróður.

„Það var æðislegt að taka þátt í öllu þessu með öllu fólkinu hjá félaginu. Það er heiður fyrir okkur bræðurna að hafa fengið að vera þarna allan þennan tíma og vinna þessa bikara,“ sagði Jóhann.

Hann þurfti að fylgjast með af hliðarlínunni meiddur þegar Stjarnan vann Íslandsmeistaratið 2014 en var feginn að fá að taka þátt í þessu.

„Það var mjög sérstakur tími, árið 2014 gladdist ég meira yfir því að þetta væri félagið mitt. Maður hefði fundið meira fyrir því sem leikmaður og ég finn það núna hversu sérstök tilfinning það er að hafa unnið bikarinn sem leikmaður.“

Nú hefur Stjarnan unnið báða stærstu bikarana sem eru í boði í karlaflokki og Jóhann vonar að það

Stjarnan hefur verið að taka eitt skref í einu, það tekur tíma að byggja upp sigurhefð.

Jóhann Laxdal

gefi fordæmi fyrir komandi kynslóðir í Garðabænum.

„Þetta byrjar þegar Bjarni [Jóhannsson] tekur við, hann leggur grunninn að þessu öllu saman. Stjarnan hefur verið að taka eitt skref í einu fram á við en það tekur tíma að byggja upp sigurhefð hjá félögum. Þetta gerist ekki á einni nóttu og þetta er margra ára barátta sem margir eiga þátt í. Sem dæmi kemur Baldur inn í þetta fyrir þremur árum, gríðarlega reynslumikill og kemur með heilmargt inn í félagið.“

kristinnpall@frettabladid.is

Nýjast

Pepsi-deild karla



Grindavík - Fjölnir

0-1 Valmir Berisha (4).

1-0

KR - Keflavík

3-1

0-1 Frans Elvarsson (34), 1-1 Pálmi Rafn Pálmason (35), 2-1 Atli Sigurjónsson (74), 3-1 Pálmi Rafn (84).

Víkingur R. - FH

1-1

1-0 Gunnlaugur Fannar Guðmundsson (74), 1-1 Jákob Ludvig Thomsen (79).

Rautt spjald: Steven Lennon, FH. (90+1).

Valur - ÍBV

5-1

0-1 Atli Arnarson (20), 1-1 Patrick Pedersen (55), 2-1 Haukur Páll Sigurðsson (59), 3-1 Patrick (61), 4-1 Patrick (65), 5-1 Guðjón Pétur Lýðsson (88).

Olis-deild karla



Valur - Grótta

21-15

Valur: Róbert Aron Hostert 8, Ymir Örn Gíslason 3, Agnar Smári Jónsson 2. Grótta: Vilhjálmur Geir Hauksson 3, Sveinn José Riviera 2, Sigfús Páll Sigfússon 2.

KA - Haukar

31-20

KA: Aki Egilsson 9, Dagur Gautason 6, Jón Heiðar Sigurðsson 6, Allan Nordberg 3. Haukar: Orri Freyr Þorkelsson 6, Atli Már Bárún 4, Halldór Ingi Jónsson 4.

ÍBV - Stjarnan

35-32

ÍBV: Sigurbjörg Sveinsson 8, Kristján Örn Kristjánsson 7, Theodor Sigurbjörnsson 6. Stjarnan: Aron Dagur Pálsson 8, Garðar B. Sigurjónsson 7, Leó Snær Pétursson 6.

FH - Fram

29-27

FH: Ásbjörn Friðrikkson 8, Arnar Freyr Ársællson 5, Birgir Már Birgisson 5. Fram: Andri Þór Helgason 6, Þorgrímur Smári Ólafsson 5, Valdimar Sigurðsson 5.

Olis-deild kvenna



KA/Þór - Valur

19-25

KA/Þór: Martha Hermannsdóttir 7, Sólveig L. Kristjánsdóttir 4, Katrín Vilhjámsdóttir 4. Valur: Iris Ásta Pétursdóttir 5, Lovisa Thompson 4, Sandra Erlingsdóttir 4.

ÍBV - Stjarnan

27-25

ÍBV: Sandra Dis Sigurðardóttir 6, Greta Kavaljuskaite 5, Karólína B. Lárusdóttir 4. Stjarnan: Þórey Anna Ásgeirsdóttir 9, Stefánía Theodórsdóttir 5.

#keyrðueinsogkona

FÓLK

MÁNUDAGUR 17. SEPTEMBER 2018

Lífsstíll



Klifið vill bjóða upp á námskeiðin sem vantar frekar en að fylgja straumnum og heldur ný námskeið á hverri önn. MYND/ANTON BRINK

Vilja auka fjölbreytni í flóru námskeiða

Klifið er skapandi setur í Garðabæ sem heldur alls kyns fjölbreytt námskeið fyrir börn og fullorðna. Þar er meðal annars boðið upp á námskeið í saum á fermingarkjól og eflandi líkamsrækt fyrir unglinga. ➔2

Framhald af forsiðu →

Klifíð er skapandi setur sem býður upp á fjölbreytt úrval námskeiða fyrir bæði börn og fulloröna,“ segir Guðrún Yr Eóvaldsdóttir, verkefnastjóri Klifisins. „Klifíð var stofnað til að bjóða upp á námskeið í hinum ýmsu greinum sem var lítið boðið upp á annars staðar. Við höfum reynt að finna hvar glufurnar eru og bjóða upp á það sem vantar, frekar en að fylgja meginstraumnum.“

Hver önn er ólík þeirri síðustu. Við höfum til dæmis verið með námskeið í kassabílagæro, vikingasmiðjur, dansnámskeið fyrir unga stráka, visindanámskeið og tónlistarkennslu en lengi væri hægt að telja upp námskeiðin sem Klifíð hefur boðið upp á. Við höfum fengið mikið af krökkum til okkar í einkakennslu í tónlist sem eru á biðlistum hjá tónlistarskólum,“ segir Guðrún. „Þá koma þau til okkar í nokkurs konar undirbúning sem gerir þau tilbúnari fyrir frekara tónlistarnám. Við lítum á það sem frábæran hlut þegar þau komast inn í tónlistarskólana og fara frá okkur.“

Við höfum svo líka verið með alls kyns líkamsræktarnámskeið, líkt og Aqua Zumba, Zumba-leikfimi sem kennnd er í vatni. Það hefur verið fullt í það síðustu námskeið og biðlisti á hverri önn,“ segir Guðrún. „Hópurinn í kringum námskeiðið er orðinn rosalega sterkur enda frábærar konur þar á ferð.“

Það er einnig góður hópur í kringum badmintonið hjá okkur en við bjóðum upp á leigu á badmintonvöllum, þar geta svo hópar



Hjá Klifinu er meðal annars boðið upp á námskeið í tónlist, dansi, visindum, líkamsrækt, fermingarkjólagerð og ýmsu öðru. MYNDIR/ANTON BRINK

LEIÐSÖGUNÁM

VIÐURKENNT STARFSNÁM AF ATVINNULÍFINU

Hnitmiðað og skemmtilegt nám fyrir þá sem vilja kynna Ísland í máli og myndum. Námið er opið öllum þeim sem áhuga hafa á að læra hvernig standa skal að Leiðsögn erlendra og innlendra ferðamann um Ísland.

- Flest stéttarfélag styrkja nemdur til náms.
Tottenham - Liverpool 1-2

0-1 Georginio Wijnaldum (39), 0-2 Roberto Firmino (54), 1-2 Erik Lamela (90+3).

Bournemouth - Leicester 4-2

1-0 Ryan Fraser (19), 2-0 Fraser (37), 3-0 Joshua King (41., viti), 4-0 Adam Smith (81.), 4-1 James Maddison (88., viti), 4-2 Marc Albrighton (89.).
Rautt spjald: Wes Morgan, Leicester. (69.).

Chelsea - Cardiff 4-1

0-1 Sol Bamba (16.), 1-1 Eden Hazard (37), 2-1 Hazard (44), 3-1 Hazard (80., viti), 4-1 Willian (85.).

Huddersf. - C. Palace 0-1

0-1 Wilfried Zaha (58.).

Man. City - Fulham 3-0

1-0 Leroy Sané (2.), 2-0 David Silva (21.), 3-0 Raheem Sterling (47.).

Newcastle - Arsenal 1-2

0-1 Granit Xhaka (49.), 0-2 Mesut Özil (58.), 1-2 Cieran Clark (90+1).

Watford - Man. United 1-2

0-1 Romelu Lukaku (35.), 0-2 Chris Smalling (38.), 1-2 Andre Gray (65.).

Rautt spjald: Nemanja Matic, Man. Utd. (90+3).

Wolves - Burnley 1-0

1-0 Raul Jimenez (61.).

Everton - West Ham 1-3

0-1 Andriy Yarmolenko (11.), 0-2 Yarmolenko (32.), 1-2 Gyfi Þór Sigurðsson (45+2), 1-3 Marko Arnautovic (61.).

Staðan

FÉLAG	L	U	J	T	MÖRK	S
Chelsea	5	5	0	0	14-4	15
Liverpool	5	5	0	0	11-2	15
Man. City	5	4	1	0	14-3	13
Watford	5	4	0	1	10-5	12
Bournemouth	5	3	1	1	10-7	10
Tottenham	5	3	0	2	10-6	9
Arsenal	5	3	0	2	10-9	9
Man. United	5	3	0	2	8-8	9
Wolves	5	2	2	1	5-5	8
Everton	5	1	3	1	8-9	6
Leicester	5	2	0	3	8-9	6
C. Palace	5	2	0	3	4-6	6
Southampt.	4	1	1	2	4-4	4
Brighton	4	1	1	2	5-7	4
Fulham	5	1	1	3	7-12	4
West Ham	5	1	0	4	5-11	3
Cardiff	5	0	2	3	3-9	2
Huddersf.	5	0	2	3	2-11	2
Newcastle	5	0	1	4	4-8	1
Burnley	5	0	1	4	3-10	1

Okkar menn

Íslendingar í efstu tveimur deildunum í Englandi

Everton
Gyfi Þór Sigurðsson
Bar fyrirliðabandið og skoraði eina mark Everton með snyrtilegum skalla í óvæntu tapi fyrir West Ham á heimavelli.



Burnley
Jóhann Berg Guðm.
Sneri aftur í lið Burnley og lék allar 90. mínúturnar í tapi fyrir Wolves á útivelli.



Cardiff City
Aron Einar Gunnarsson
Var ekki í leikmannahóp Cardiff í 1-4 tapi fyrir Chelsea á útivelli.



Reading
Jón Daði Böðvarsson
Kom inn af bekknum en náði ekki að komast á blað í 3-2 sigri á Preston á útivelli.



Aston Villa
Birkir Bjarnason
Var ekki í hóp vegna bakmeiðsla í jafntefli við Blackburn á útivelli.



Leikmenn Chelsea fagna af innlifun með einum besta leikmanni deildarinnar, Eden Hazard. Hafði hann heppnina með sér í einu marki um helgina en fyrsta mark hans í leiknum var stórbrotið eftir góðan sameik við Olivier Giroud. Fullkomnaði hann svo þrennuna af vitapunkturinum undir lokin. NORDICPHOTOS/GETTY

Fjötralaus Hazard sjóðheitur í framflínunni undir stjórn Sarri

Eden Hazard fór á kostum fyrir Chelsea í 4-1 sigri á nýliðum Cardiff þrátt fyrir að hafa lent undir á Brúnni. Chelsea er með fullt hús stiga og hefur Hazard blómstrað undir stjórn hins ítalska Maurizio Sarri í upphafi tímabils. Ekki er að sjá neina HM-þreytu á Belganum sem er kominn með fimm mörk og tvær stoðsendingar.

FÓTBOLTI Chelsea sýndi enn og aftur í sumar að það er lítil biðlund á Brúnni ef árangur næst ekki. Antonio Conte var rekinn aðeins ári eftir að hafa náð sögulega góðum árangri og þrátt fyrir að hafa unnið tvo titla á aðeins tveimur árum í Lundúnum.

Síðasta ár Conte var skrautlegt, deilur hans við stjórn félagsins voru ítrekað á forsiðum blaðanna og smitaðist það eflaust inn í spilamennsku liðsins.

Án Diego Costa vantaði heilmikið bit í sóknarleik liðsins og agað leikkerfi Conte gaf mönnum ekki mikið frelsi til að njóta sín fram á við.

Sarri kom með ferskan blæ á Brúna frá Ítalíu og sótti leikmenn sem falla vel inn í leikkerfi hans. Jorginho hefur smellpassað inn á miðjunna og hefur spilamennskan heilt yfir verið góð sem hefur skilað sér í fimmtán stigum og toppsætinu eftir fimm umferðir.

Frelsaði Hazard

Sarri virðist hafa lagt áherslu á að veita Eden Hazard, einum besta leikmanni liðsins, aukði frelsi inni á vellinum og losað hann undan því að þurfa að vinna mikið til baka. Í þessu nýja hlutverki hefur Hazard blómstrað með tvær stoðsendingar og fimm mörk í fyrstu fimm umferðunum.

Ekki hefur verið hægt að sjá neina HM-þreytu á Hazard sem var í lykhlutverki hjá Belgíu sem vann til bronsverðlauna í Rússlandi. Hann kom seinna til móts við liðið og þurfti að koma inn af bekknum í fyrstu umferðunum en sýndi það, bæði gegn Íslandi á dögnum og um helgina, að hann hefur líklegast aldrei leikið betur á ferlinum.

Stóru málín

eftir helgina í enska boltanum

Stærstu úrslitin

Fyrsta stóra þref Liverpool var um helgina þegar liðið mætti Tottenham á útivelli. Fyrir ári kodaði það niður á Wembley og fékk skell en allt annað var upp á teningnum um helgina. Virtust Liverpool-menn vera að sigla sígurinum örugglega heim en kæruleysislegur varnarleikur hleypti Tottenham inn í leikinn á ný á lokamínúturnum. Liverpool er ásamt Chelsea með fullt hús stiga.



Hvað kom á óvart?

Everton hafði byrjað tímabilið vel en varð af mikilvægum stigum á heimavelli. West Ham var án stigs fyrir leikinn en Hammarinn voru fluttir á Goodison Park og áttu sigurinn fyllilega skilid.



Bestu vonbrigðin

Burnley, sem náði sögulega góðum árangri í fyrra, hefur hikst að talsvert í upphafi tímabils. Lærisveinar Seans Dyche hafa tapað fjórum leikjum í röð og sitja á botni deildarinnar með eitt stig. Það hentaði liðinu vel í fyrra að vera í fáum keppnum. Þjálfarefnið fékk nægan tíma til að setja upp leikna og leikmennirnir til hvíldar en leikjaálagið í upphafi tímabils þegar undankeppi Evrópu-deildarinnar kom inn virðist hafa verið of mikið fyrir Burnley.



Leikmaður helgarinnar

Ryan Fraser reyndist hetja Bournemouth í 4-2 sigri á Leicester í ensku úrvalsdeildinni um helgina, skoraði tvö mörk og lagði upp eitt er góð byrjun Bournemouth-manna hélt áfram. Ári eftir að hafa verið án stiga eftir fjórar umferðir er Bournemouth í 5. sæti með tíu stigum að fimm umferðum loknum.

Hann sýndi lípra takta þegar hann lék á Wes Morgan og afgreiddi boltann snyrtilega í hornið. Hann fylgdi því eftir með því að skora eftir öflugra skynsókni og lagði svo upp fjórða markið sem gerði endanlega út um vonir Leicester-manna.



Sarri er fjórði knattspyrnustjórninn sem stýrir liði til sigurs í fyrstu fimm leikjum sínum í ensku úrvalsdeildinni.

Hazard daðraði við Real Madrid í sumar, eitt stærsta félagslið heims, og leist Madrídningum vel á að hann yrði arftaki Cristiano Ronaldo þar á bæ. Honum er að takast að sýna af hverju Madrídningar sóttust eftir kröftum hans og að mati Sarri er enginn í heiminum að spila betur þessa dagana.

„Áður en ég kom hingað hélt ég að hann væri einn af bestu leikmönnum Evrópu en mér hefur snúist hugur. Hann er besti leikmaður Evrópu í dag og hann getur bætt sig. Ég hef rætt við hann um að eyða minni tíma í varnarleikinn til að spara orku fyrir sóknarleikinn. Reyna að einblína á svæðið í kringum vitateig andstæðinganna og að minnu mati getur hann skorað yfir þrjátíu mörk í vetur fyrir Chelsea.“
Þessi orð hljóma eflaust vel fyrir Hazard og má búast við því að hann blómstri sem aldrei fyrr í vetur. Er það undir honum komið hversu langt Chelsea fer í vetur og fyrstu teikn eru jákvæð fyrir Chelsea.
kristinnpall@frettladid.is

Mistök kostuðu okkur leikinn

Íslenska körfuboltalandslíðið þurfti að setta sig við svekkjandi þriggja stiga tap fyrir Portúgal í gær. Hann tók ýmislegt jákvætt úr leiknum þrátt fyrir tapið en sagði að fjöldi mistaka liðsins hefði gert út um leikinn.

KÖRFUBOLTI Íslenska karlalandsliðið í körfubolta hóf undankeppni EuroBasket 2021 á svekkjandi þriggja stiga tapi 80-77 fyrir Portúgal ytra í gær. Var þetta fyrsti leikur Íslands í riðlakeppninni en ásamt Portúgal og Íslandi er Belgía í C-riðli. Fer eitt lið áfram á lokastig undankeppninnar og er Portúgal efst og eina liðið sem hefur leikið tvo leiki. Næsti leikur Íslands er gegn Belgíu í nóvember á heimavelli þar sem Ísland þarf á sigri að halda.

Leikurinn var afar jafn í fyrri hálfleik, liðin skiptust á forskotinu og náði Ísland mest fimm stiga forskoti þó að Portúgal væri aldrei langt undan. Náði Portúgal forskotinu skömmu fyrir lok fyrri hálfleiks og ellefu stiga forskoti í upphafi fjórða leikhlutna eftir slæman leikkafli hjá íslenska liðinu en Íslendingarnir neituðu að gefast upp.

Gerðum of mörg mistök

Elvar Friðriksson og Kári Jónsson áttu stóran þátt í því að Ísland komst aftur inn í leikinn og náði forskotinu en á lokametrunum sigu Portúgal fram úr. Settu þeir fjögur síðustu stig leiksins og unnu nauman þriggja stiga sigur. Ísland fékk gott færi til að komast yfir þegar ellefu sekúndur voru eftir en niður vildi boltinn ekki og með því fóru möguleikar Íslands.

Þjálfari landsliðsins, Craig Pedersen, var skiljanlega hundsvekkur er Fréttablaðið sló á þröðinn til hans til Portúgals.

„Tilfinningin er ekki góð og ég er afar vonsvikinn, við gerðum marga jákvæða hluti í leiknum en gerðum of mörg mistök til að vinna þennan leik. Við vorum að tapa boltanum á stöðum sem gáfu þeim auðveldar körfur, það er óþólegt að gefa svona liði körfur þar sem þú getur ekki varist þeim,“ sagði Craig og hélt áfram:

„Í varnarleiknum vorum við heldur ekki nægilega duglegir að



Martin Hermannsson fór fyrir liði Íslands í stigakorun líkt og oft áður en hann var gríðarlega óheppinn að sniðskot hans fór ekki niður sem hefði líklegast dugað Íslandi til sigurs á lokasekúndum leiksins. NORDICPHOTOS/GETTY

PORTÚGAL	ÍSLAND
80	77
34	33

Stig Íslands: Martin Hermannsson 20/8 stoðsendingar, Tryggvi Hlinason 15, Hörður Axel Vilhjálmsson 14, Elvar Már Friðriksson 11, Kári Jónsson 11, Kristófer Acox 4, Hlynur Bæringsson 2/8 fráköst

yta þeim út til að aðstoða Tryggva. Þeir fá stóra körfu upp úr sóknarfærni þar sem menn gleyma sér sem má ekki gerast. Sú karfa gerði út af við okkur, þar voru menn einfaldlega ekki nógu beittir til að klára leikinn. Þetta var leikur þar sem smátriðin skipta máli og ein sókn gerði útslagið. Við þurftum eina körfu til viðbótar og fengum færi til þess en það vantaði herslumuninn.“

Ísland átti góðar rispur í sóknarleiknum. „Í sókninni vorum við að fá fína möguleika, skapa okkur skot sem við viljum fá en náðum ekki að nýta þau nægilega vel.“

Það er ljóst að Ísland þarf helst að vinna alla þrjá leikina sem eftir eru til að komast áfram.

„Þeir eru með gott lið með leikmenn úr frábærum liðum en við sýndum það í dag að við getum unnið Portúgal. Þetta er jafn og spennandi riðill og það geta allir unnið alla,“ sagði Craig og hélt áfram:

„Þeir fengu færi til að vinna Belgíu, rétt eins og við fengum tækifæri til að vinna hér í Portúgal. Nú verðum við að einbeita okkur að Belgíuleiknum og verja heimavöll okkar, við verðum að vinna þann leik,“ sagði Craig svekkur að lokum.

Hann hefur nægan tíma til að fara yfir hvað fór úrskeiðis enda næsti leikur Íslands, gegn Belgíu á heimavelli, ekki fyrr en í nóvember. kristinnpall@frettbladid.is

Kristófer og Albert brutu ísinn í Hollandi

FÓTBOLTI Albert Guðmundsson hjá AZ Alkmaar og Kristófer Ingi Kristinsson hjá Willem II skoruðu báðir fyrstu mörk sín í hollensku efstu deildinni um helgina. Það dugði ekki liðum þeirra til sigurs heldur þurftu báðir að setta sig við jafntefli.

Albert var í byrjunarliði AZ Alkmaar í fyrsta sinn eftir vistskipti frá PSV í sumar þegar AZ tók á móti Feyenoord á heimavelli. Kom hann liði sínu yfir á 4. mínútu leiksins með snyrtilegu skoti og lék allan leikinn en Feyenoord náði að taka stig með sér heim til Rotterdam.

Á laugardaginn kom Kristófer inn af bekknum þegar Willem II var 0-2 undir en hann skoraði og reyndist það markíð sem bjargaði stigi fyrir Willem. Hann fékk fyrstu tækifæri sín hjá félaginu síðasta vor og hefur verið á bekknum í fyrstu leikjum tímabilsins en þetta var fyrsta mark hans fyrir aðallíðið.

– kpt

Albert Guðmundsson.



Craion snýr aftur í Keflavík

KÖRFUBOLTI Körfuboltalið Keflavíkur fékk gríðarlegan liðsstyrk fyrir komandi tímabil þegar Mike Craion skrifaði undir hjá félaginu. Snýr hann aftur til Íslands eftir að hafa leikið í Frakklandi undanfarin ár. Staðfesti hann í samtali við Karfan.is að hann væri búinn að semja við Keflavík.

Lék hann í tvö ár með Keflavík og tvö ár með KR á sínum tíma og var einn besti leikmaður deildarinnar. Vann hann tvo Íslandsmeistarátitla með KR og var með 22 stig og ellefu fráköst að meðaltali í leik. – kpt

KAUPTU PEUGEOT SENDIBÍL Í SEPTEMBER MEÐ 300.000-500.000 KR. AFSLÆTTI!

ALLT AÐ: 300.000 KR. AFSLÁTTUR

ALLT AÐ: 500.000 KR. AFSLÁTTUR

PARTNER TILBOÐSVERÐ FRÁ: 1.999.999 KR. ÁN VSK. 2.480.000 KR. MEÐ VSK.

EXPERT MILLILANGUR TILBOÐSVERÐ FRÁ: 2.987.900 KR. ÁN VSK. 3.705.000 KR. MEÐ VSK.

EXPERT LANGUR TILBOÐSVERÐ FRÁ: 3.036.290 KR. ÁN VSK. 3.765.000 KR. MEÐ VSK.



PEUGEOT

peugeotisland.is

brimborg
Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík
Bíldshefða 8
Sími 515 7040

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar:
Söludeildir opnar virka daga kl. 9-17
og laugardaga kl. 12-16



Meðlimur Occupy Wall Street-hreyfingarinnar lætur í sér heyra á götu í New York árið 2011. NORDICPHOTOS/GETTY

Merkisatburðir

1630 Borgin Boston í Bandaríkjunum er stofnuð af breskum landnemum.

1631 Gústaf Adolf 2. Svíakonungur vinnur sigur á her- sveitum Tillys í orrustunni við Breitenfeld.

1844 Fyrstu alþingiskosningar eru haldnar í Reykjavík. Sveinbjörn Egilsson hlýtur flest atkvæði, 15, en neitar þingsetu og því verður Árni Helgason þingmaður með 11 atkvæði.

1896 Eldur sést í hafn frá Landeyjum, suðvestur af Hellisey.

1966 Vegur fyrir Ólafsfjarðarmúla er formlega opnaður.

1988 Sumarólympíuleikar eru settir í Seoul í Suður-Kóreu.

1992 Landsbankinn tekur eignir Sambands íslenskra samvinnufélaga upp í skuldir og innlimar þar með Samvinnubankann.

2001 Kauphöllin í New York opnar fyrir viðskipti á ný eftir hryðjuverkin þann 11. september sama ár.

2011 Occupy Wall Street-hreyfingin formlega stofnuð í New York-borg og mótmælir misskiptingu auðs.



Björn Hákon Sveinsson, formaður Samtaka um billausan lífsstíl, vill að fólk hafi val um ferðamáta. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Bíllaus fagna tíu ára starfi

Samtök um billausan lífsstíl fagna í dag tíu ára afmæli. Af því tilefni verður haldinn afmælis-aðalfundur á Kexi Hosteli klukkan 17.30. Björn Hákon Sveinsson, formaður samtakanna, segir að fyrir tíu árum hafi þetta verið jaðarskoðanir en í dag séu þær orðnar mun almennari.

Það hefur verið mjög fram- sækð að stofna samtökin á sínum tíma. Við finnum fyrir því að það er mjög mikill áhugi á þessu í dag. Okkur langar þess vegna til að efla samtökin og setja þau í fastari skorður," segir Björn Hákon Sveinsson, formaður Samtaka um billausan lífsstíl.

Samtökin hafa verið rekin sem frjálst félagsamtök en ekki haft fasta félags- skrá. „Við erum öflug samtök í dag en það er enginn að greiða félagsgjöld. Það getur líka verið erfiðara að sækja um styrki þegar það er engin félagskrá.“

Björn segir að allir séu velkomnir í samtökin, líka þeir sem eiga bíl. „Við erum að vinna að því að fólk hafi val um ferðamáta. Fólk á að geta nýtt sér almenningsgöngur og hjólréiðar en líka farið fótgangandi. Þetta tengist mikið skipulagsmálunum. Það skiptir miklu máli hvernig borgin og sveitar- félög eru skipulögð.“

Að mati Björns felast ákveðin lífsgæði í því að eiga ekki bíl. „Þú sparar bæði peninga og tíma og losnar við mikinn streituvald. Við fjölskyldan erum með rafmagnsbíl núna en vorum alveg bíllaus í tvö og hálf ár þegar ég bjó nær vinnu- staðnum. Í framtíðinni stefnum við að því að verða alveg bíllaus.“

Núverandi vinnustaður Björns er á Bildshöfða en hann býr í Vesturbænum. „Ég hjóla í vinnuna eins oft og ég get. Maður stjórnar þessu auðvitað sjálfur og þetta er líka spurning um hugarfar. Það er alveg hægt að klæða veðrið af sér.“

Á fundinum verður kynning á Byggingarfélagi Samtaka um billausan lífsstíl. Félagið sótti um að fá að byggja bíllausa Háteigsveg. Reykjavíkurborg auglýsti nokkrar lóðir sem óhagnaðarfrítt félög gátu sótt um.

„Þessi hópur hefur unnið mikla vinna við hönnun og skipulagningu hverfisins. Þetta er mjög spennandi verkefni en það

Við fjölskyldan erum með rafmagnsbíl núna en vorum alveg bíllaus í tvö og hálf ár.

kemur í ljós í október hver fær svæðið úthlutað.“

Nýlega voru kynntar tillögur stjórnvalda í loftslagsmálum. Meðal annars á að banna nýskráningar bensín- og díselbíla frá 2030 en einnig á að efla almenningsgöngur og hjólréiðar. „Þetta eru mál sem við erum að skoða og munum jafnvel álykta um á fundinum. Persónulega er ég ekki hrifinn af boðum og bönnum. Mér finnst frekar að það eigi að gera innviðina þannig að fólk hafi raunhæfan valkost við einkabílinn.“

sighvatur@frettabladid.is

ÞETTA GERDIST: 17. SEPTEMBER 1983

Fyrsta blökkukonan krýnd fegurðardrottning

Vanessa Williams komst í sögubækur þennan dag fyrir 35 árum þegar hún var fyrst blökkukvonna krýnd Ungfrú Ameríka. Í fyrsta skipti í sögu keppinnar varð sigurvegarinn skotmark hótana og hatursbréfa kynþáttahatara.


Tíu mánuðum eftir krýninguna var Vanessu skýrt frá nektarmyndum sem væru að fara í birtingu. Myndirnar taldi hún vera í glatkistunni enda hefði hún aldrei skrifað undir birtingarleyfi.

Tilurð myndanna má rekja til ársins 1982 þegar Vanessa vann sem föröunarfræðingur fyrir Tom Chappel, ljósmyndara í New York. Hann fékk Vanessu til að sitja fyrir undir því yfirskini að prófa ætti nýja tækni við skuggamyndatöku með tveimur fyrirsætum, en Vanessu myndaði hann með nakinni konu í mis- munandi uppstillingum.

Myndirnar draga upp milda mynd af ástalífi samkynhneigðra, sem var afar umdeilt á þessum tíma. Hugh Hefner, útgefanda Playboy, voru boðnar myndirnar til birtingar en hann afþakkaði. Seinna sagði hann Playboy ekki hafa viljað valda nýkrýndri Ungfrú Ameríku vandræðum, því myndirnar hefðu greinilega verið teknar án samþykkis til birtingar. Nokkrur síðar tilkynnti Bob Guccione, útgefandi Penthouse, að hann hygðist birta myndirnar í septemberheftinu 1984.

Eftir fjölmíðlafar jókst þrýstingur á Vanessu að afsala sér krúnunni, sem hún og gerði á blaðamannafundi 23. júlí 1984. Í september sama ár hóf hún málsókn gegn Chappel og Guccione, en lét málið niður falla með orðunum: „Setasta hefndin er velgengi.“

Vanessa Williams.



Ástkær faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

Haraldur Gísli Sigfússon

fv. Jeigubifreiðarstjóri frá Stóru-Hvalsá, Hrutáfríði, Álheimum 44, Reykjavík,

lést þriðjudaginn 11. september. Útförin fer fram fimmtudaginn 20. september kl. 13 í Langholtskirkju.

Hreinn Haraldsson
Hanna Dóra Haraldsdóttir
Sigfús Birgir Haraldsson

Ólöf Erna Adamsdóttir
Bjarni Jón Agnarsson
Hanna Jóhannsdóttir

barnabörn og fjölskyldur þeirra.



Sveinn Gíslason

vélvirkir

lést mánudaginn 10. september síðastliðinn.

Útförin fer fram frá Dómkirkjunni þriðjudaginn 18. september kl. 15.

Þakki eru færðar læknum og starfsfólki taugalækningadeildar Landspítalans.

Sigrún Pálsdóttir

Hilmar Þórðarson

Páll Tómasson

barnabörn og barnabarnabörn.



Elskuleg móðir mín,

amma og langamma,

Helga Þórdís Benediksdóttir

hjúkrunarfræðingur,

Stórholti 22,

lést á Droplaugarstöðum þann 30. ágúst síðastliðinn. Útförin fer fram í kyrrþey.

Guðbjörg B. Petersen

Benedikt G. Ófeigsson

Þórunn Ósk Þorgeirsdóttir

Helga Þórdís og Hlynur Þorri

Viltu birta minningargrein á frettabladid.is?

Minningargreinar skal senda á timamot@frettabladid.is. Birting er endurgjaldslaus og opin öllum á frettabladid.is/timamot

LEGSTEINAR

Í MIKLU ÚRVALI

20%
AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM GRANÍT
LEGSTEINUM
Í SEPTEMBER




**GRANÍT
STEINAR**

Helluhrauni 2, Hafnarfirði
544 5100 – granitsteinar.is

VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

Mánudagur

Fremur hæg austlæg átt í dag, skýjað með köflum og víða líkur á skúrum. Allhvöss norð-austanátt og rigning á Vestfjörðum og einnig nýrst á landinu. Híti 6 til 12 stig, hlýjast suð-vestanlands.



Þriðjudagur

Reykjavík 8° ↙ 10	Ísafjörður 3° ↙ 14	Akureyri 4° ↓ 7
Egilsstaðir 6° → 4	Kirkjubæjarkl. 9° ↖ 2	Hveravellir 2° ↓ 10

Miðvikudagur

Reykjavík 9° ↓ 2	Ísafjörður 3° ↙ 15	Akureyri 4° ↙ 8
Egilsstaðir 6° ↙ 8	Kirkjubæjarkl. 9° ↖ 2	Hveravellir 2° ↓ 5

LÉTT

		2	4	1	6
	7	3	8	9	5
	5	7			
		9	5		
8	9	6	2	1	
			4	3	7
6	4	5	8		
7	1		6	4	
3	8				

MIDLUNGS

		6	4	7		8
	1					9
8			1	2		3
4	8		3		5	
	2	4				
3	9	2		8	7	
	1		8			6
5	7		6			
6			2	3		

ÞUNG

			4		9	
3	4	5			6	8
6	7				2	
				5		3
	6	2	3			4
9	1				8	2
			8			1
			6	1		
8			3			7

Krossgáta

- LÁRÉTT**
1. útstælsi
 5. sviðdyr
 6. tveir eins
 8. tré
 10. átt
 11. skelfing
 12. málhelti
 13. æskja
 15. ritlingur
 17. afhenda
- LÓDRÉTT**
1. sárasótt
 2. dropa
 3. mjaka
 4. kvendýr
 7. misvirða
 9. starf
 12. skiki
 14. skilaboð 1
 16. rómversk tala

1	2	3	4		
5				6	7
8			9		
10				11	
			12		
13	14				
15					16
	17				

Skák Gunnar Björnsson

Ivanov átti leik gegn Dimitrov í Búlgaríu 1983.

1. ... Hxg2+! 2. Rxxg2 (2. Kxxg2 Dxxh3+! 3. Kxxh3 Bxxf3#).
2. ... Dxxh3+! 3. Kxxh3 Bg4# 0-1.



www.skak.is Nýjasti stórmeistari Íslandinga, Bragi Þorfinnsson, varð hlutskarpastur með fullt hus á 20 ára afmælistóti Hróksins. Jón Viktor Gunnarsson, Guðmundur Kjartansson, Helgi Ólafsson og Dagur Ragnarsson komu næstir með vinningi minna.

NUMARK MIXTRACK PRO 3

Verð. 35.990

HLJÓÐFÆRAHÚSIÐ TÓNABÚÐIN

GLAMOUR

Komið í allar helstu verslanir

Íslenskt lískulímarit

2	9	8	3	5	6	4	1	7
3	1	6	4	9	7	2	5	8
5	4	7	8	1	2	3	9	6
6	2	9	5	3	8	7	4	1
4	7	3	9	6	1	5	8	2
1	8	5	2	7	4	9	6	3
9	3	1	6	2	5	8	7	4
7	5	4	1	8	3	6	2	9
8	6	2	7	4	9	1	3	5

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri nju reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Pondus

Við erum ótrúlega góðir við nýja meðlimi. Gjörfu svo vel að taka þátt í ársfundinum.

Takk fyrir það, Gaman að vera hér

Ég er allavegana Ívar. Eða réttara sagt... far-maðurinn Ívar.

Emma. Húgá.

Ég er líka kallaður Mikli leiðtogiinn. El Jefe Grande. Stór-kanslarinn. Án þess þó að vilja leggja ofuráhrslu á sjálfan mig á nakkurn hátt.

En... stór er lykilorðið hér.

Allavegana í minnum.

Þú tókst orðin úr minum.

Geljan

Pabbi, get ég fengið pening fyrir bensini?

Hvað varð um peninginn sem þú vannst þér inn sem pitsusendill í sumar?

Ég notaði hann til að kaupa bensín til að sendast með pitsur.

Það hljamar eins og þetta starf hafi kennt þér þína fyrstu hagfræðilexíu.

Já. Ég komst að því að vinna virðist bara vera fyrir fábjána.

Barnalán

Hversu oft hef ég sagt þér að hættu að elta Söllu með hor á puttunum?

Ég veit það ekki.

Ellefu sinnum!

Hvernig geturðu mógulega fylgst með þessu?

Ég útbjó bókhald.

Í þessari röð er listi yfir öll skiptin sem ég hef klagð Hannes. Í þessum eru refsingarnar sem hann fékk, og ...

Einmitt það! Kennið bókhaldaranum um!

Hvað? Hvenær? Hvar? Mánudagur

hvar@fretabladid.is

17. SEPTEMBER 2018

Tónlist

Hvað? Oktavdjá at Austur Club

(House Groove)

Hvenær? 20.00

Hvar? Austur, Austurstræti
Húsið opnað á slaginu 20.00.
Happy Hour á barnum frá 22-00.

Viðburðir

Hvað? Kötlugosið – Sögunnar

minnst

Hvenær? 10.00

Hvar? Bókasafn Seltjarnarness
Bókasafn Seltjarnarness gerir sér far um að minnast atburða ársins 1918 í tilefni 100 ára afmælis fullveldis Íslands með sýningu og framsetningu á bókum, lesefni og myndefni. Nú er það Kötlugosið sem er tekið fyrir.

Sýningar

Hvað? Innrás III: Matthías Rúnar

Sigurðsson

Hvenær? 10.00

Hvar? Ásmundarsafn

Matthías Rúnar Sigurðsson vinnur meðal annars höggmyndir í stein. Klassísk handverksnotkun hans kallast skemmtilega á við verk Ásmundar og er fróðlegt að sjá ungan og upprennandi myndhöggvara sýna verk sín í samhengi Ásmundarsafns. Arið 2018 eru fyrirhugaðar fjórar innrásir í sýninguna List fyrir fólkið, þar sem völdum verkum Ásmundar Sveinssonar er skipt út fyrir verk starfandi listamanna.

Hvað? Ásmundur Sveinsson: List

fyrir fólkið

Hvenær? 10.00

Hvar? Ásmundarsafn
Yfirlitssýning á verkum Ásmundar Sveinssonar myndhöggvara. Á sýningunni er sjónum beint að öllum ferli listamannsins allt frá tréskurðarnámi hjá Ríkarði Jónssyni og til síðustu ára listamannsins. Sýnd eru verk unnin í ýmis efni þar á meðal verk höggvin úr tré, steinsteypu og brónsi. Á sýningunni eru jafnframt frummyndir þekktra verka sem stækkuð hafa verið og sett upp víða um land.

Hvað? Lífsblómíð – Fullveldi Íslands í 100 ár

Hvenær? 10.00

Hvar? Listasafn Íslands
Sýningin Lífsblómíð fjallar um fullveldi Íslands í 100 ár. Titillinn er sóttur í skáldsögu Halldórs Laxness, sjálfstætt fólk, sem gerist á þeim tíma er Ísland varð fullvalda ríki. Rétt eins og bókinn fjallar Lífsblómíð um hina djúpu þrá eftir sjálfstæði. Hún fjallar einnig um það hversu dýrmætt er um leið viðkvæmt fullveldið er. Í hundrað ára sögu fullveldisins hafa ýmsar ógnir steðjað að.

Hvað? Einskismannsland – Ríkir þar

fegurðin ein?

Hvenær? 10.00

Hvar? Kjarvalsstaðir og Hafnarhúsið

Með listsköpun sinni hafa myndlistarmenn haft mótandi áhrif á tengsl manna við umhverfi sitt jafnframt því sem verk þeirra endurspeglar tíðaranda og samfélagsþróun. Á sýningunni er sjónum beint að verkum listamanna sem endurspeglar tengsl Íslendinga við viðerni landsins og breytilegt verðmætamat gagnvart náttúrunni.

Hvað? Bókfell

Hvenær? 10.00

Hvar? Listasafn Íslands

Í febrúar 2014 dvaldi Steina Vasulka um mánaðar skeið á Íslandi og vann að hugmynd um rafrænt verk í samvinnu við Listasafn Íslands og Árnastofnun. Hún fékk aðgang að handritunum í Árnastofnun og þannig birtist ný hlið á höfundarverki hennar þar sem fornsögunum er búin nýstærleg umgjörð í formi rafræns listaverks.

Hvað? Ýmissa kvikinda líki

Hvenær? 10.00

Hvar? Listasafn Íslands

Á sýningunni má sjá hvernig lista-

mennirnir hafa beitt margbreytilegri skapandi færni og ýmiss konar tækni. Sýningarstjórnarnir Ingibjörg Jóhannsdóttir og Pári Stave hafa valið verk á sýninguna eftir listamenn sem vinna jafnhliða í grafík og aðra miðla.

Meðal sýnenda eru rithöfundar og tónskáld en einn myndlistarmenn sem eru síður þekktir fyrir grafíkverk sín, frekar fyrir málverk, þrívíð verk, innsetningar, gjörninga, ljósmyndaverk eða vídeólist.

TUDOR Rafgeymar



Sterkir **TUDOR** rafgeymar í alla atvinnubíla

SKORRI
SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

Bíldshöfði 12 • 110 Rvk • 577-1515 • skorri.is



GOTT KVÖLD Í BÍÓ PARADÍS

HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19

NÁNAR Á BIOPARADÍS.IS

Söngur Kanemu (ENG SUB) 18:00

Útey 22. júlí 18:00

Sorry to Bother You 20:00

Whitney 20:00

Útey 22. júlí 20:00

Whitney 22:00

Sorry to Bother You 22:10

Kvíðakast (Atak Paniki) 22:15



FJÖLHÆFASTA FJÖLSKYLDA LANDSINS?



Komdu við hjá sérfræðingum okkar að Laugavegi 174 og kynntu þér úrval Volkswagen atvinnubíla í einni fjölhæfustu fjölskyldu landsins.



Glæsilegur og vel út búinn pallbill með 3.0 lítra, 225 hestafla, V6 dísilvél, 550 Nm tugi, læst afturdrif, dráttarbeiði, heithúðun á palli, stígbretti, vetrardekk og nú á einstöku tilboðsverði.

Volkswagen Amarok

verð frá **7.890.000 kr.**



Hannaður með þarfir iðnaðarmanna að leiðarljósi og með átta þrepa sjálfskiptingu fyrir allar útgáfur. Fjöldi útfærslna á hleðslurými, farþegarými og aðstoðarkerfi.

Volkswagen Crafter

verð frá **5.610.000 kr.**



Einn vinsælasti atvinnubíll á Íslandi undanfarin ár. Áreiðanlegur, öruggur og fæst í tveimur lengdum, fjörhjóladrífinn og í fjölda útfærslna.

Volkswagen Caddy

verð frá **2.590.000 kr.**



Transporter hefur fylgt kynslóðum af fólki sem hefur þurft á traustum og áreiðanlegum vinnubjarki. Fulkomin stöðugleikastyring, spölvörn og sjö þrepa sjálfskipting.

Volkswagen Transporter

verð frá **4.180.000 kr.**



Atvinnubílar

Við látum framtíðina rætast.

www.volkswagen.is



HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · sími 590 5000 · hekla.is · umboðsmenn um land allt: Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílas Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ

DAGSKRÁ

Mánudagur

STÖÐ 2

07.00 The Simpsons
07.25 Strákrarnir
07.50 The Middle
08.15 The Mindy Project
08.35 Ellen
09.15 Bold and the Beautiful
09.35 Mayday
10.20 Grand Designs: House of the Year
11.05 Gulli byggir
11.35 Margra barna mæður
12.05 Fósturbörn
12.35 Nágrannar
13.00 American Idol
14.20 American Idol
15.45 American Idol
17.00 Bold and the Beautiful
17.20 Nágrannar
17.45 Ellen
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.55 Ísland í dag
19.10 Sportpakinn
19.20 Fréttayfirlit og veður
19.25 The Mindy Project
19.50 Brother vs. Brother Frábærir þættir með þeim bræðrum Jonathan og Drew sem keppa um það hvor sé færari í að taka hús í gegn. Þeir byrja frá grunni með hús sem þeir taka í gegn og þurfa að takast á við fjölmörg spennandi verkefni. Í hverjum þætti er nýr dómari sem úrskurðar í lok þáttar hvor hafi staðið sig betur. Í lokin setja þeir húsina á sölu og sá sem græðir meira á sölu stendur uppí sem sigurvegari þáttaradárinnar.
20.35 The Sandhamn Murders Sænsk spennuþáttaröð í tveimur hlutum sem byggð er á hinum vinsælu bókum ritöfundarins Vivecu Sten. Þættirnir fjalla um rannsóknarlögreglumanninn Thomas Andreasson og lögræðinginn Noru Lindes sem búa í fríðsælum bæ en undir yfirborðinu er eitthvað illt á sveimi.
21.20 Suits
22.05 The Deuce
23.05 60 Minutes
23.50 Major Crimes
01.25 Better Call Saul
02.15 The Art Of More
03.00 Unsolved: The Murders of Tupac and the Notorious B.I.G.
03.45 Unsolved: The Murders of Tupac and the Notorious B.I.G.
04.30 NCIS
05.15 Bones

STÖÐ 2 SPORT

07.00 Messan
08.00 Wolves - Burnley
09.40 Everton - West Ham
11.20 Messan
12.20 Vikingur R. - FH
14.00 Valur - ÍBV
15.40 Pepsi-mörkin 2018
16.50 Þór/KA - Valur
19.15 Afturelding - ÍR
21.00 Football League Show 2018/19
21.30 Seinni bylgjan
23.00 Girona - Celta Vigo

STÖÐ 2 SPORT 2

09.20 Jacksonville Jaguars - New England Patriots
11.40 Chelsea - Cardiff City
13.20 Manchester City - Fulham
15.00 Bournemouth - Leicester City
16.40 Huddersfield - Crystal Palace
18.25 Meistaradeild Evrópu - fréttapáttur 2018/2019
18.50 Southampton - Brighton
21.00 Spænsku mörkin 2018/2019
21.30 Þór/KA - Valur
23.10 Afturelding - ÍR

ÚTVARP

FM 88,5 XA-Ríó
 FM 89,5 Retro
 FM 90,1 Rás 2

FM 90,9 Gullbylgjan
 FM 93,5 Rás 1
 FM 95,7 FM957

FM 96,3 FM Suðurland
 FM 96,7 Lítt Bylgjan
 FM 97,7 X-ió

FM 98,9 Bylgjan
 FM 99,4 Útvarp Saga
 FM 100,5 K100

FM 102,9 Lindin



Fyrri hluti

THE SANDHAMN MURDERS

KL. 20:35

Hörkuspennandi sænskur sakamálaþáttur þar sem rannsóknarlögregluáðurinn Thomas Andreasson og lögræðingurinn Nora Lindes leysa flókin morðmál í sameiningu. Seinni hlutinn verður sýndur á mánudaginn eftir viku.

Magnað mánudagskvöld

Fáðu þér áskrift á stod2.is



BROTHER VS. BROTHER

KL. 19:50

Frábærir þættir með þeim bræðrum Jonathan og Drew sem keppa um hvor sé færari í að taka hús í gegn. Í hverjum þætti er nýr dómari sem úrskurðar í lok þáttar hvor hafi staðið sig betur.



SUITS

KL. 21:20

Skemmtileg þáttaröð um lífið á lögræðistofunni Pearson Specter Litt í New York. Katherine Heigl leikur nýjan eiganda sem er hörð í horn að taka.



HBO



THE DEUCE

KL. 22:10

Djarfir og töff þættir um uppgang klámiðnaðarinnar í New York á áttunda áratugnum. Glæný og krassandi sería úr smíðu HBO.

GIRL, INTERRUPTED

KL. 22:00

Susanna er 17 ára stúlka sem á erfitt með að fóta sig í lífinu. Hún er vistuð á geðsjúkrahúsi þar sem sjúklingarnir eiga við ólík vandamál að stríða.



Allt þetta og meira til á áðeins 9.990 kr.

stod2.is

STÖÐ 3

19.10 Great News
19.35 The Big Bang Theory
20.00 Seinfeld
20.25 Friends
20.50 Who Do You Think You Are?
21.35 Famous In Love
22.20 Divorce
22.50 Stelpurnar
23.15 The Originals
00.45 Flash
01.30 Supergirl
02.15 Legends of Tomorrow
03.00 Arrow

STÖÐ 2 KRAKKAR

07.00 Strumparnir
07.25 Ævintýraferðin
07.37 Hvellur keppnisbill
07.49 Gulla og grænjaxlarnir
08.00 Stóri og lítli
08.13 Tindur
08.23 K3
08.34 Mæja býfluga
08.46 Skoppa og Skritla enn út um hvippinn og hvappinn
09.00 Könnuðurinn Dóra
09.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar
09.47 Doddi lítli og Eyrnastór
10.00 Áfram Diego, áfram!
10.24 Svampur Sveinsson
10.49 Rasmus Klumpur og félagar
10.55 Lalli
11.00 Strumparnir
11.25 Ævintýraferðin
11.37 Hvellur keppnisbill
11.49 Gulla og grænjaxlarnir
12.00 Stóri og lítli
12.13 Tindur
12.23 K3
12.34 Mæja býfluga
12.46 Skoppa og Skritla enn út um hvippinn og hvappinn
13.00 Könnuðurinn Dóra
13.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar
13.47 Doddi lítli og Eyrnastór
14.00 Áfram Diego, áfram!
14.24 Svampur Sveinsson
14.49 Rasmus Klumpur og félagar
14.55 Lalli
15.00 Strumparnir
15.25 Ævintýraferðin
15.37 Hvellur keppnisbill
15.49 Gulla og grænjaxlarnir
16.00 Stóri og lítli
16.13 Tindur
16.23 K3
16.34 Mæja býfluga
16.46 Skoppa og Skritla enn út um hvippinn og hvappinn
17.00 Könnuðurinn Dóra
17.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar
17.47 Doddi lítli og Eyrnastór
18.00 Áfram Diego, áfram!
18.24 Svampur Sveinsson
18.49 Rasmus Klumpur og félagar
18.55 Lalli
19.00 Töfrahúsið

Mörgæsirnar frá Madagaskar, 09.24, 13.24 og 17.24



GOLFFSTÖÐIN

09.00 Evian Championship
14.30 Cambia Portland Classic
16.30 Dell Technologies Championship
19.50 Evian Championship

STÖÐ 2 BIÓ

12.05 The Age of Adeline
13.55 Murder, She Baked: A Chocolate Chip Cookie Mystery
15.20 50 First Dates
17.00 The Age of Adeline
18.55 Murder, She Baked: A Chocolate Chip Cookie Mystery
20.20 50 First Dates Rómantísk gamanmynd með Adam Sandler og Drew Barrymore. Sandler leikur náunga sem alltaf hefur átt erfitt með að skuldbinda sig, eða þar til að hann finnur draumadísina sem Barrymore leikur. Sá galli er hins vegar á gjöf Njarðar að hún þjáist af alvarlegu skammtímaminnisleysi og man ekki stundinni lengur hver þessi gaur er sem heldur sig kærasta hennar.
22.00 Girl, Interrupted
00.10 Underworld: Blood Wars
01.45 Rock the Kasbah
03.30 Girl, Interrupted

RÚV

13.00 Úr Gullkistu RÚV: Útsvar 2008-2009
14.00 Úr Gullkistu RÚV: 89 á stöðinni
14.20 Pricebræður bjóða til veislu
15.05 Kaupmannahöfn - höfuðborg Íslands
15.30 Úr Gullkistu RÚV: Út og suður
15.55 Úr Gullkistu RÚV: Af fingrum fram
16.40 Mynda vélar
16.50 Silfríð
17.50 Táknafréttir
18.00 KrakkaRÚV
18.01 Heimssýn barna
18.50 Krakkafréttir
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.30 Veður
19.35 Kastljós
19.50 Menningin
20.00 Saga Danmerkur
21.05 Þjóðargersemi
22.00 Tíufréttir
22.15 Veður
22.20 Hljóðupptaka í tímans rás
23.10 Ditte & Louise
23.40 Kastljós
23.55 Menningin
00.05 Dagskrárlok

SJÓNVARP SÍMANS

06.00 Síminn + Spotify
08.00 Dr. Phil
08.45 The Tonight Show Starring Jimmy Fallon
10.15 Síminn + Spotify
10.25 Everybody Loves Raymond
12.30 King of Queens
12.50 How I Met Your Mother
13.15 Dr. Phil
14.00 A.P. Bio
14.25 Madam Secretary
15.10 Black-ish
15.35 Rise
16.20 Everybody Loves Raymond
16.45 King of Queens
17.05 How I Met Your Mother
17.30 Dr. Phil
18.15 The Tonight Show Starring Jimmy Fallon
19.00 The Late Late Show with James Corden
19.45 Superstore
20.10 Top Chef
21.00 MacGyver
21.50 The Crossing
22.35 The Affair
23.35 The Tonight Show Starring Jimmy Fallon
01.00 CSI
01.45 This is Us
02.30 The Good Fight
03.20 Star
04.05 I'm Dying Up Here
04.55 Síminn + Spotify

GRAL KYNNIR

SVARTLYNG



SÓTSVARTUR GAMANLEIKUR
eftir Guðmund Brynjólfsson


TJARNARBIÓ

Framsýnt 21. september | Miðasala á tix.is

Ókeypis
SUNNUGASTÓLL
DORMA SÁMÁRATÓRGI

DORMA

Haustið
er komið í Dorma



September { KOMDU }
tilboðin { NÚNA }

SILKEBORG
hægindastóll
með skemli

DORMA-haust
25%
AFSLÁTTUR



Stíllanlegur hægindastóll
með skemli. Svart PVC leður.
Fullt verð: 99.900 kr.

Aðeins 74.925 kr.



RAMSEY
hægindastóll

DORMA-haust
25%
AFSLÁTTUR

Skemmtilegur hægindastóll.
Grátt, blátt eða bordeaux
rautt sléttflaueil.
Fullt verð: 29.900 kr.

Aðeins 22.425 kr.



KOLDING
hægindastóll
með skemli

DORMA-haust
15%
AFSLÁTTUR

Stíllanlegur hægindastóll
með skemli. Svart, rautt
eða grátt leður.
Fullt verð: 119.900 kr.

Aðeins 101.915 kr.

POLO
hægindastóll

DORMA-haust
15%
AFSLÁTTUR



Brúnt PU-leður
Stærð: 80x90 H: 105 cm.
Fullt verð: 39.900 kr.

Aðeins 33.915 kr.

Afgreiðslutími Ryk
Mán. til föst. kl. 10-18 (Holtgöðrum)
Mán. til föst. kl. 11-18:30 (Smáratorgi)
Laugardaga kl. 11-17
Sunnudaga kl. 13-17 (Smáratorgi)

Holtgöðrum, Reykjavík
Smáratorgi, Kópavogi
Dalsbraut 1, Akureyri
Skelði 1, Ísafirði

DORMA

Láttu drauminn rætast



Ísey á ekki langt að sækja mikla hæfileika sína á sviði knattspyrnunnar. SKJÁSKOT/VÍTI Í VESTMANNAEYJUM

Skemmtilegt fólk í leiklistinni

Ísey Heiðarsóttir, þykir sína snilldar-
takta í Víti í Vest-
mannaeyjum en
fyrsti þátturinn var
sýndur um helgina.
Hún segist hafa erf-
fótbolta-hæfileikana
frá afa sínum, Njáli
Eiðssyni nokkrum,
sem spilaði nokkra
landsleiki og vann
fjölda titla með Val.

Ég held ég fái þennan
áhuga frá honum afa. Ég
hef svo mikinn áhuga á
fótbolta. Hann kenndi
mér margt. Ég man eftir
því þegar ég var yngri,"
segir Ísey Heiðarsóttir sem vekur
mikla eftirtekt í þáttaröðinni Víti í
Vestmannaeyjum sem gerð er eftir
samnefndri bók og kvikmynd og
frumsýnd var á RÚV um helgina.

Ísey er dóttir Lisu Njalsdóttur en
faðir Lisu er Njáll Eiðsson sem spil-
aði sjö landsleiki á sínum tíma fyrir
Íslenska karlalandsliðið í fótbolta
og var hluti af ótrúlegu liði Vals árið
1987. Njáll þótti harður í horn að
taka á vellinum. Gaf aldrei tommu
eftir. Sá gamli hefur trúlega verið
ánægður með nokkrar tæklingar
sem Ísey sýnir í myndinni. Gunnar
Helgason, höfundur bókarinnar,
segir að Ísey blómstri í þáttunum.
Þar séu hennar bestu senur.

Móðir hennar þótti liðtækur línu-
maður í handbolta og spilaði með
Val og ÍBV en þurfti að hætta vegna
brjósloss. Faðir hennar, Heiðar Þór
Pálsson, var efnilegur í blaki.

Ísey var valin úr um 600 stúlkna
hópi og fer með hlutverk Rósa sem
vill ólm spila á Orkumótinu en það
mót er fyrir drengi. „Ég hef aldrei
snert á leiklistinni áður. Ég hef aldri-



Ísey leikur Rósu sem þurfti að berjast fyrir tilverurétti sínum hjá Fylki, en
liðið vantaði einmitt einn leikmann. SKJÁSKOT/VÍTI Í VESTMANNAEYJUM



Njáll, afi Íseyjar, hér þriðji frá hægri í efri röð í ódauðlegu liði Vals árið
1987. Við hlíð hans er Ólafur Jóhannesson, núverandi þjálfari Vals.

**KRAKKARNIR Í
SKÓLANUM ERU MJÖG
HNEYKSLADIR Á AÐ ÉG SÉ
ALLTAF Í FYLKISBÚNINGI OG
SKILJA EKKI AF HVERJU
GUNNAR HELGASON ÞURFTI
AÐ VELJA FYLKI.**



Tíu landsliðsmenn

Greinin um tíu landsliðsmenn í Val
frá árinu 1987. Afí Íseyjar er þarna
í næstefstu röð, lengst til hægri.

ei komið nálægt svona. Þetta var í
fyrsta sinn," segir hún og bætir við
að hún vilji gjarnan verða leikkona
eftir atvinnumannsferilinn. Hún
lók á sviði í vetur og hafði gaman af.
„Það er svo skemmtilegt fólk þar.
Alls staðar þar sem leiklistin er, þar
er skemmtilegt fólk.“

Ísey býr í Vestmannaeyjum en
karakterinn hennar, Rósa, spilar
með Fylki. Hún var svoltið ósátt við
að þurfa að klæðast hinum appels-

ínugula lit Fylkis. „Krakkarnir í skól-
anum eru mjög hneykslaðir á að ég
sé alltaf í Fylkisbúningi og skilja ekki
af hverju Gunnar Helgason þurfti að
velja Fylki," segir hún og hlær.
benediktboas@frettabladid.is

SÍMAR AUGLÝSINGAEIÐDIR - AUGLÝSINGASTJÓRI: Elmar Hallgrímsson elmar@frettabladid.is ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401: Guðaf Bjarnson gustaf@frettabladid.is. Hjördis Zoega hjordis@frettabladid.is. Sigfus Örn Einarsson sigfus@frettabladid.is. Valdimar Birgisson valdimar@frettabladid.is Örn Geirsson orn.geirsson@frettabladid.is. FÓLK/SÉRBLÓÐ SÍMI 512-5402: Atli Bergmann atli@frettabladid.is. Jón Ingar Vilhelmsson jonivar@frettabladid.is. Ólafur H. Hákonarson olafurh@frettabladid.is. FÓLK OG SÉRBLÓÐ EFTIR: Elin Albertsdóttir elin@frettabladid.is og Ragnheiður Tryggvadóttir heidda@frettabladid.is. RÁÐAUGLÝSINGAR - FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hreinn Helgason hreinn@frettabladid.is. Vidar Ingi Pétursson vip@frettabladid.is. ÞJÓNUSTAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Árna Rut Kristinsdóttir arnaru@frettabladid.is. Guðrún Inga Grétarsdóttir gudruninga@frettabladid.is

Líklega Ódýrustu rafmagnsborðin á Íslandi



**NÝ
VARA**

**KYNNINGARTILBOÐ
GILDA TIL OG MEÐ
26. SEPTEMBER!**

H2 RAFMAGNSBORÐ

- Sterkir rafmagnsfætur
- Tveir mótorar
- Minnisstýring
- Burðargeta 100kg
- Hæð 62-128cm
- 3 ára ábyrgð
- Til í gráu, hvítu og svörtu



PRIMA BORÐPLÖTUR

Til í hvítu, svörtu og hvíttaðri eik.

E-MODEL BORÐPLÖTUR

Lagervara: Eik, hvítt, svart og beiki Getum pantað fyrir þig í mörgum öðrum litum

H1 RAFMAGNSBORÐ

- Sterkir rafmagnsfætur
- Einn mótór
- Minnisstýring
- Burðargeta 80kg
- Hæð 73-123cm
- 3 ára ábyrgð
- Til í gráu og hvítu



TILBOÐSVERÐ MEÐ H2 FÓTUM

Stærð 120x80

65.900 kr.-

Stærð 150x80

66.900 kr.-

TILBOÐSVERÐ MEÐ H2 FÓTUM

Stærð 120x80

67.900 kr.-

Stærð 140x80

68.900 kr.-

Stærð 160x80

68.900 kr.-

Stærð 160x80

69.900 kr.-

Stærð 200x80

70.900 kr.-

PRIMA BORÐPLÖTUR

Til í hvítu, svörtu og hvíttaðri eik.

E-MODEL BORÐPLÖTUR

Lagervara: Eik, hvítt, svart og beiki Getum pantað fyrir þig í mörgum öðrum litum

TILBOÐSVERÐ MEÐ H1 FÓTUM

Stærð 120x80

48.800 kr.-

Stærð 150x80

49.900 kr.-

TILBOÐSVERÐ MEÐ H1 FÓTUM

Stærð 120x80

50.900 kr.-

Stærð 140x80

51.900 kr.-

Stærð 160x80

51.900 kr.-

**ALLAR PLÖTUR ER
EINNIG HÆGT AÐ FÁ 70CM DJÚPAR**

Hirzlan <sup>25
ára</sup>
SKRIFSTOFUHÚSGÖGN

Síðumúla 37, 108 Reykjavík. Sími: 564-5040.
hirzlan@hirzlan.is. www.hirzlan.is

FRÉTTABLAÐIÐ


Við segjum fréttir Smáauglýsingasíminn og skiptiborð 512 5800

Ritstjórn 512 5801 ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild 512 5401 auglysingar@frettabladid.is

Prentun Ísafoldarprentsmiðja

ÞÚ GETUR NÁLGÁST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VIÐSVEGAR UM LANDIÐ.

Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.



FRÉTTABLAÐIÐ
mest lesna dagblað landsins.

Póst dreifing

Dreifing dreifing@postdreifing.is
Ef blaðið berst ekki 800 1177

BAKÞANKAR

Guðmundar
Brynjólfssonar



Rónateljarinn

Það hefur þrífaldlega verið bent á ómurlagt ástand í húsnæðismálum okkar minnstu bræðra og systra. Fiklar og aðrir sem ekki hafa náð að átta sig í/á brjáluðu samfélaginu, til langframa eða tímabundið, mæla göturnar. Geðveila og fiknsjúkdómar ganga oft hönd í hönd um strætin og hafa ekki í nein hús að vernda.

Það kemur fyrir að þetta öfrendarástand bögglist fyrir brjósti ráðamanna. Og þá byrja þeir að telja. Svo að þrætta. Fyrst eru rónar taldir, eins og sauðfé í díll, og svo er þrættað um hver á hvað. Kíkt er á markað og skoðað hvaðan fénaðurinn kemur. Og dugmiklir ráðamenn í höfuðborginni sjá að af X mörgum rónum eru tveir frá Akranesi, einn frá Húsavík, þrjú frá Selfossi og átján úr Kópavogi etc. etc. Þannig finna menn út hvernig eigi að skipta kostnaðinum. En þá vilja þeir sem „eiga lömbin“ ekki borga. Þar stoppar málið – fyrir utan fimm eða sex skýrslur sérfræðinga. Kannski, ef vel liggur á mönnum, er bætt við gámi úti á Granda – í útnára byggðar í Reykjavík. Þaðan telur kerfið að styttra sé til himna. Enda er hefð fyrir því að þar séu menn látnir deyja.

Jesús og minnstu bræðurnir og sauðirnir og Samverjinn og allt það stóff er gleymt. Enda er það í Nýja testamentinu.

Þrátt fyrir itrekaðar talningar gerist ekki neitt. Því held ég að rétt sé að snúa dæminu við.

Það er þekkt úr fótbolttanum að borgaðar séu uppeldisbætur. Væri nú ekki sanngjarnt að þau bæjarfélög sem lagt hafa til róna í miðbæjarmynd Reykjavíkur fengu slíkar bætur fyrir sína menn frá borginni? Eða hvað gerir höfuðborg að höfuðborg ef það er ekki róninn? Þá færi líka borgin að finna það á pyngjunni að þetta fólk er til. Það bitur oft. Bitur jafnvel fastar en bragginn.



Opið allan sólarhringinn í öllum verslunum

Iceland

Jólagestur 2018
MÍÐASALA Á HARPA.IS/JOLAGESTIR

Logo: HARP, FK, SÓPA

REKKJAN HEILSURÚM

30% AFSLÁTTUR

Royal Alexa

ROYAL ALEXA Á 30% AFSLÆTTI

Frábært heilsurúm með tvöföldu pokagormakerfi, fimmsvæða skiptu, mjúkum topp ásamt botni og fótum.

 Stærð 140X200 cm 139.955 kr. 12.476 kr.* á mánuði með kreditkortaláni Fullt verð 199.935 kr.	 Stærð 160X200 cm 158.019 kr. 14.034 kr.* á mánuði með kreditkortaláni Fullt verð 225.741 kr.	 Stærð 180X200 cm 188.336 kr. 16.649 kr.* á mánuði með kreditkortaláni Fullt verð 269.051 kr.
--	--	--

Langar þig í betri svefn, vakna úthvöld/ur og tilbúin í daginn?

KING KOIL

FRAMÚRSKARANDI FULLKOMNUN

GÆÐI OG NÝSKÖPUN Í 120 ÁR 1898-2018

KING KOIL ALPINE PLUSH

Hágæða Amerískt heilsurúm með millistífu fimmsvæða skiptu pokagorma kerfi, mjúkur toppur og steypfir kantar, ásamt botni og fótum.

 Stærð King (193x203 cm) AFMÆLISVERÐ 213.459 kr. 18.816 kr.* á mánuði með kreditkortaláni Fullt verð 355.765 kr.	 Stærð Queen (153x203 cm) AFMÆLISVERÐ 154.070 kr. 13.693 kr.* á mánuði með kreditkortaláni Fullt verð 256.783 kr.
--	---

*12 mánaða vaxtalaus kreditkortalán**. Einnig hægt að greiða með Netgíró.
**Míðað við 12 mánaða vaxtalausn raðgreiðslusamning með 3,5% lántökugjaldi og 405 kr. greiðslugjald

REKKJAN HEILSURÚM